

VENJULEGT AFRÍSKT ÞORP

Í flóttamannabúðunum í Dzaleka og Luwani má finna markaði, bari og fótþoltavelli, rétt eins og í hverju öðru malavísku þorpi.



ALLA SUNNUDAGA

RE/MAX
Fasteignablað

www.remax.is - öflugur fasteignavefur



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. júlí 2007 – 204. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

Töffarinn Debbie Harry

Söngkonan Debbie Harry er enn jafn töff á sviðinu og þegar hún söng með Blondie á hátindi ferils síns.



FÓLK 22

Popp og pólitík



Guðmundur R. Gíslason, forseti bæjarstjórnar í Fjarðabyggð, gefur út fyrstu sólóplötu sína í næsta mánuði. Hann segir popp og pólitík fara vel saman.

FÓLK 30

Í skuld við Afríku

„Meðan Vesturlandabúar rifast um óþægindin af því að „skerða“ mengunarkvóta sinn deya börn í Afríku úr hungri og sjúkdómum,“ segir Stefán Jón Hafstein.

Í DAG 10


Spenna á Íslandsmótinu

Úrslitin á Íslandsmótinu í golfi ráðast í dag en ekkert má út af bregða hjá forystusauðunum sem eru skammt undan keppinautum sínum.



ÍPRÓTTIR 24


VEÐRIÐ Í DAG



Suðvestlæg átt um allt land með úrkomu á Vesturlandi en björtu og hlýju veðri norðantil.

Sunnudagar

Lestur meðal 18–49 ára á höfuðborgarsvæðinu



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í maí 2007

Segir samkomulag sýndarmennsku

Utanríkisráðherra segir að kostnaður ríkisins vegna áætlunar NATO hafi ekki verið tekinn saman. Steingrímur J. Sigfússon telur óásættanlegt að íslenska ríkið borgi upphald erlendra herliða sem komi hingað til þess að leika sér.

VARNARMÁL „Mér finnst þetta gerast í öfugri röð. Fyrst hefði átt að ræða þessi mál hér heima, móta stefnuna og skilgreina þarfirnar í stað þess að gefa sér það fyrirfram að það sé í okkar þágu að draga heræfingar hingað til lands,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, um samkomulag NATO um að halda uppi loftvörnum við Ísland.

Orrustubotur á vegum NATO munu koma til landsins fjórum sinnum á ári til æfinga og eftirlits. Íslenska ríkið ber allan kostnað af veru herliðsins hér á landi, svo sem húsnæði og fæði, auk kostnaðar við ratsjárstöðvarnar fjórar, á Miðnesheiði, Bolafjalli, Stokksnesi og Gunnólfsvíkurfjalli, sem eru for-

senda þess að hægt sé að halda eftirlitinu uppi.

„Ég hef engin rök séð fyrir því að það breyti einhverju til eða frá þótt herbotur frá öðrum þjóðum komi hingað fjórum sinnum á ári til þess að leika sér. Mér finnst þetta vera sýndarmennska,“ segir Steingrímur sem telur fjármunum ríkisins betur varið í uppbyggingu almannavarna og innlestrar björgunarstarfsemi.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra segir að kostnaður við áætlunina hafi ekki verið tekinn saman en hann sé mun lægri en hann hefði getað orðið. Hvort varnir landsins séu nú fullnægjandi segir Ingibjörg matsatriði. „Með þessu munum við búa við viðunandi

loftvarnir. Hitt er annað mál að við þurfum að fara í almennt mat á okkar varnarþörfum. Þær lúta ekki aðeins að hervörnum heldur einnig annars konar viðbúnaði sem snýr meðal annars að umhverfisvá, hættu vegna smitsjúkdóma og alþjóðlegrar glæpastarfsemi.“

Valgerður Sverrisdóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, er ánægð með samkomulagið. „Þetta er í takt við það sem lagt var upp með í minni tíð sem utanríkisráðherra og ég er ánægð með að málið sé í höfn.“

Áætlunin verður útfærð nánar í haust. Þá kemur í ljós hvenær þoturnar koma, hve lengi þær dvelja hér í senn og hve mikið herlið fylgir þeim.



SÆLJÓN Var stungið í hjartastað þegar það reyndi að ræna beitu.

Veidimaður stakk sæljón: Varði beituna

BANDARÍKIN, AP Bandarískur fiskveiðimaður í Newport Beach í Kaliforníu hefur verið ákærður fyrir að stinga sæljón með steikarhnífi. Veidimaðurinn gerði sér lítið fyrir og stakk sæljónið í hjartastað eftir að það stal beitu af önglinum hans. Sæljónið særðist það illa að nauðsynlegt var að svæfa það.

„Þetta er hræðilegt,“ segir Dean Gomersal, yfirmaður Kyrrahafssj ávarspendýramiðstöðvarinnar við Laguna Beach. „Við erum öll í miklu uppnámi yfir þessu. Sem betur fer náðist maðurinn.“

Veidimaðurinn á yfir höfði sér 25.000 dala sekt, jafngildi einnar og hálftrar milljónar króna, og allt að árs fangelsisdóm fyrir árásina.

- jar

Boxari skotinn í Bretlandi:

Reykingabann getur drepit

BRETLAND Breska lögreglan handtók í gær 19 ára gamlan pilt sem grunaður er um morð á James Oyebola, fyrrverandi þungavigtarmeistara í hnefaleikum.

Oyebola var skotinn í höfuðið á Chatau 6, skemmtistað í London, eftir að hafa beðið nokkra gesti um að hætta að reykja. Einn þeirra tók því það illa að hann skaut Oyebola.

Reykingabann tók nýlega gildi á breskum veitingastöðum og var Oyebola því einungis að hjálpa starfsfólki staðarins að framfylgja banninu.

- jar

Skýstrokkur á Skeiðarársandi:

Fátítt veðurfyrirbæri á Íslandi

VEÐUR Skýstrokkur sást á Skeiðarársandi á föstudaginn. Skýstrokkurinn snerti jörð í um fimm mínútur og þyrtaði upp sandi og ryki. Strokknum fylgdi rigning og hagléi og eldingar sást á eldingamælum Veðurstofu Íslands.

Nauðsynleg skilyrði fyrir skýstrokkum eru mjög fátíð á Íslandi, og því sjást þeir sjaldan. Að sögn Einars Sveinbjörnssonar veðurfræðings eru til heimildir um skýstrokk á landi þótt þær séu fáar.

Skýstrokkar geta valdið mikilli eyðileggingu. Algengastir eru þeir í miðvesturríkjum Bandaríkjanna á vorin og valda þar oft miklum usla.

- jar



STRANDHANDBOLTI Í NAUTHÓLSVÍK Árlegt strandhandboltamót Handboltasambandsins fór fram í fjórða sinn í Nauthólsvíkinni í gær. Hér sést Ingimar Jónsson, liðsmaður Boris, skora gegn liðinu JB á meðan Ólafur Stefánsson fyrirliði stendur og horfir á. Eins og sjá má var keppnin tilfinningaþrungin enda mikið álag sem fylgir því að spila á sokkaleistunum og reyna að láta boltann skoppa í sandinum. Mótinu lauk með sigri Fram eftir ofurspennandi úrslitaleik gegn FH og Boris lenti í þriðja sæti.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Ung kona sem flúði heimaland sitt fyrir tveimur árum:

Ein til Íslands frá Kólumbíu

FÓLK Jeimmy Andrea Gutiérrez er 23 ára gömul kólumbísk kona sem kom til Íslands í hópi flóttamanna árið 2005. Aðstæður hennar voru ólíkar aðstæðum hinna flóttamanna að því leyti að Jeimmy kom ein hingað til lands. Hún þurfti því að hefja nýtt líf í nýju landi, þá aðeins 21 árs gömul. Komunni hingað fylgdu blendrar tilfinningar en hún segist bæði hafa verið kvíðin og forvitin. „Þetta er svo langt í burtu og ég vissi ekkert um Ísland,“ segir Jeimmy í viðtali við Fréttablaðið.



JEIMMY ANDREA GUTIÉRREZ

kerfi hefur ekki verið notað annars staðar í heiminum en hefur gefið

góða raun. Svo góða að Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna íhugar að taka verkefnið upp annars staðar.

Björg Sigríður Hermannsdóttir var ein þeirra sem svöruðu kalli Rauða krossins og sér alls ekki eftir því. „Ég lærði ekki síður af þessu. Það er gott fyrir mann að tala við fólk sem hefur svona ólíkan bakgrunn. Maður fær kannski þínulitla innsýn inn í það hvernig það er að þurfa að flýja land og setjast að á nýjum stað,“ segir Björg.

- þeb / sjá síðu 14



Ágústa, sjáid þið mikið af svona svindli?

Nei, en við heyrum af því af og til.

Óprúttir aðilar hafa gengið í hús undanfarið og sagst vera að safna fé á vegum Blindrafélagsins. Engin slík söfnun stendur yfir. Ágústa Eir Gunnarsdóttir er varaformaður félagsins.

Truflanir hjá Digital Island: Sími truflaði útsendingar

TEKNI Truflanir urðu á útsendingum Digital Íslands á höfuðborgarsvæðinu síðustu daga. Bilana varð fyrst vart á fimmtudag og tókst að laga kerfið seinni part laugardagsins. Truflanirnar voru mismiklar eftir svæðum.

Að sögn Gestis G. Gestssonar, framkvæmdastjóra tæknisviðs Vodafone, voru truflanirnar til komnar vegna breytinga sem gerðar voru á GSM-tíðnisviðinu vegna uppbyggingar á 3G-fjarskiptakerfum, þriðju kynslóðar-farsímakerfisins.

- jar

Einar Oddur jarðsönginn

Einar Oddur Kristjánsson alþingismaður var jarðsönginn frá Flat-eyrarkirkju í gær.

Fjöldmenni var við athöfnina þar sem séra Hjálmar Jónsson, dómkirkjuprestur og fyrrverandi samherji



EINAR ODDUR KRISTJÁNSSON

Einars á Alþingi, jarðsöng.

Einar Oddur fæddist á Flateyri 26. desember 1942. Hann sinni ýmsum störfum um ævina og sat í fjölmörgum nefndum og ráðum. Einar Oddur var þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi en hann var fyrst kjörinn á þing árið 1995.

Einar Oddur varð bráðkvaddur í fjallgöngu 14. júlí síðastliðinn. Hann létur eftir sig eiginkonu, Sigrúnu Gerðu Gísladóttur, og þrjú uppkomin börn.

Minnihlutinn í bæjarstjórn Akraness hafði ekki erindi sem erfiði á fundinum:

Samkomulag við Kalmansvík stendur

SKIPULAGSMÁL Bæjarstjórn Akraness samþykkti í gær með fimm atkvæðum gegn fjórum að samkomulag sem bærinn gerði við fasteignafélagið Kalmansvík ehf. um skipulagningu sjö hektara svæðis í bæjarlandinu, skyldi standa. Fulltrúar minnihlutans eru ósáttir.

„Þetta samkomulag við Kalmansvík var samþykkt af öllum flokkum í byrjun desember. Þetta hefur farið tvisvar sinnum í gegnum bæjarráð og tvisvar í gegnum bæjarstjórn og því var ég undrandi á þessum viðbrögðum minnihlutans núna,“ segir Gunnar Sigurðsson, forseti bæjarstjórnar,

en fulltrúar minnihlutans kröfðust þess að kallað yrði til aukafundar í bæjarstjórn vegna málsins. Ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið en samkomulagið frá því í desember kveður á um að fulltrúar Kalmansvíkur fái að útfæra skipulag á svæðinu. Þar stendur til að byggja á fjórða hundrað íbúðir fyrir fólk fimmtíu ára og eldra.

„Okkur finnst furðulega að þessu staðið. Bæjaryfirvöld hefðu átt að útbúa deiliskipulag og mynda sér skoðun á því hvort þarna ætti að reisa hverfi fyrir 50 ára og eldri. Svo hefði átt að bjóða verkið út,“ segir Rún Halldórs-



AKRANES Bæjarstjórnin hefur falið Kalmansvík ehf. að útbúa skipulag fyrir sjö hektara lands.

dóttir, fulltrúi minnihlutans í bæjarstjórn. Rún segir brýnna að byggja upp þjónustu fyrir veika eldri borgara þar sem nú þegar

séu í byggingu íbúðir fyrir 50 ára og eldri í bænum. „Þessa hluti hefði þurft að ræða betur,“ segir Rún.

- þo

Bregðast við skerðingu á kvóta í haust

Stjórnendur útgerðarfyrirtækja í landinu velta því nú fyrir sér hvernig þeir eigi að bregðast við kvótakerðingu á þorski. Aðeins útgerðarstjóri Samherja segir líklegt að fækkað verði í skipaflota en aðrir stjórnendur gefa ekkert upp.

SJÁVARÚTVEGUR Stjórnendur stærstu útgerðarfyrirtækja landsins segjast velta því fyrir sér um þessar mundir hvernig skuli bregðast við niðurskurð ríkisstjórnarinnar á þorskkvóta á næsta fiskveiðidári. Flestir þeirra vilja ekki gefa upp til hvaða aðgerða þeir hyggist grípa. Aðeins útgerðarstjóri Samherja, Kristján Vilhelmsson, segir líklegt að fyrirtækið muni fækka um einn togara í flota sínum en að óvíst sé hvaða skip það verði.

Eggert Guðmundsson, forstjóri Granda, segir að stjórnendur fyrirtækisins hafi legið yfir því hvað þeir ætli að gera til að bregðast við niðurskurðinum. Hann segir ýmislegt koma til greina hjá Granda því hægt sé að fara margar leiðir í stöðunni. Hann segist ekki vilja gefa það út hvaða aðgerðir fyrirtækið hafi verið að skoða.

Pétur H. Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis hf. í Grindavík, segir um tvennt að velja í stöðunni: að fækka skipum eða stytta úthald, þann tíma sem skip fyrirtækisins stunda veiðar. Hann segir fyrirtækið muni fara af stað á fullu á næsta fiskveiðidári með fimm skip og taka svo ákvörðun um aðgerðir einhvern tíma í haust. Hann segir fyrirtækið líklega taka ákvörðun með vorinu um hvort fækkað verði í skipaflota þess.

Jón Eðvald Friðriksson, framkvæmdastjóri FISK-Seafood hf, segir að engar ákvarðanir hafi verið teknar ennþá hjá fyrirtækinu um hvernig það bregðist við kvótakerðingunni en hún sé það



BRIMNESIÐ Nýr frystitogari Brims hf. kom til hafnar í Reykjavík á fimmtudag. Stjórnendur stærstu útgerðarfyrirtækja landsins munu á næstunni taka ákvörðun um aðgerðir gegn kvótakerðingu ríkisstjórnarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

mikil að eitthvað þurfi að gera. „Við erum ekki komnir til enda í þessu; ákváðum að taka engar formlegar ákvarðanir um þetta fyrr en í ágúst,“ segir Jón Eðvald. Hann vill ekki segja á þessu stigi hvað fyrirtækið hyggist gera.

Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins Gunnvarar í Hnífsdal, segir að verið sé að fara yfir hvernig fyrirtækið bregðist við kvótakerðingunni. „Það væri fullkomlega óábyrgt af mér að segja frá því núna hvað við ætlum að gera.“ Hann segir að fyrirtækið muni tilkynna hvernig það bregst við kvótakerðingunni í upphafi nýs

fiskveiðidárs, eftir 1. september. Hann segir að meðal þess sem hafi verið skoðað sé fækkun skipa hjá útgerðinni og stytting úthalds á fiskveiðidárinu.

Aðalsteinn Ingólfsson, framkvæmdastjóri Skinney-Pinganes, segir að aðgerðir útgerðarfyrirtækja gegn kvótakerðingunni séu ekkert annað en nauðvörn. „Við erum ekki búnir að ákveða endanlega hvað við gerum. Ég get því ekki tjáð mig um það að svo stöddu,“ segir Aðalsteinn og bætir því við að hann geri ráð fyrir að aðgerðir verði kynntar í ágúst.

ingifrey@frettabladid.is

Bandaríska þingið:

Hryðjuverka- varnir auknar

WASHINGTON, AP Bandaríska þingið samþykkti í vikunni frumvarp um aukið fjármagn til þeirra borga sem taldar eru í mestri hættu á hryðjuverkaársum. Í kjölfar þess verður öryggisefirlit hert verulega á flugvöllum og öðrum samgöngumstöðum á næstu þremur árum og eftirlit verður aukið með öllum vöruflytningum milli ríkja.

Auk þessa liggur fyrir breytingartillaga á bandaríska þinginu um auknar heimildir til eftirlits með hryðjuverkamönnum. Bush Bandaríkjaforseti segir að lögin sem ná utan um slíkt eftirlit séu orðin þrjú tíu ára gömul og þarfnist því breytinga vegna breyttra tíma. Demókratar segjast vilja tryggja að breytingarnar veiti ekki leyfi til ótakmarkaðra njósna.

- jar

Samingaviðræður í Líbanon:

Hætta á borgarastríði

LÍBANON, AP Franski utanríkisráðherrann, Bernard Kouchner, varaði við því í gær að hætta væri á borgarastyrjöld í Líbanon ef ekki tækist að leysa ágreining milli ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðu.

Gærdagurinn var annar dagur Kouchners í Beirút þar sem hann reynir að miðla málum á milli stjórnarinnar, sem hefur stuðning stjórnvalda á Vesturlöndum og stjórnarandstöðu sem Hizballah-hreyfingin fer fyrir.

Kouchner sagði að honum hefði tekist að koma samingaviðræðum af stað, en stríðandi fylkingar hafa ekki átt í viðræðum frá því í nóvember. Þó væri enn ekki ástæða til bjartsýni.

Frakkland tók við umsjón friðarviðræðnanna eftir að Arababandalaginu mistókst að koma á viðræðum í júní.

- jar

Björgólfur Thor Björgólfsson fær lóðina á Fríkirkjuvegi stækkaða:

Fær 200 milljóna lóðastækkun

REYKJAVÍK Lóð sem fylgja á með þegar Reykjavíkurborg selur Björgólfi Thor Björgólfssyni Fríkirkjuveg 11 verður að ósk Björgólfs stækkuð talsvert frá því sem kveðið var um í útboði.

Í útboðinu var húsinu, sem er 1.049 fermetrar, afmörkuð um 900 fermetra lóð með aðkomu fyrir bíla frá Laufásvegi. Tilboð Björgólfs var langhæst, eða 600 milljónir króna fyrir eignina eins og hún var auglýst. Hann bauðst jafnframt til að greiða allt að 200 milljónum í viðbót fengi hann verulega rýmri lóð sem meðal annars gæfi möguleika á aðkomu bíla frá Fríkirkjuvegi.

Rætt er um að þessi leið verði aðeins nýtt sem „viðhafnaraðkoma“ eins og það er nefnt. Í húsinu er áætlað að verði íbúð, móttökusalir og safn um athafna-



FRÍKIRKJUVEGUR 11 Stærri sneið af Hallargarðinum mun fylgja með húseigninni en upphaflega var tilkynnt um.

manninn Thor Jensen, langafa Björgólfs.

Samkvæmt upplýsingum frá Framkvæmdasviði Reykjavíkur hefur sviðsstjóri þess ásamt sviðsstjórum umhverfissviðs og skipulags- og byggingarsviðs

unnið að því í sumar samkvæmt ósk borgarráðs að ná lendingu í málinu. Búist er við að hægt verði að ganga frá viðskiptunum fljótlega þannig að Björgólfur geti fengið eignina afhenta 1. september.

- gar

Reykjavík
871 ±2

Landnámsýningin
The Settlement
Exhibition

Lífið á landnámsöld

Aðalstræti 16
101 Reykjavík
www.reykjavik871.is

Sýningin er opin
alla daga frá 10–17

Minjasafn
Reykjavíkur

100%
FJÁRMÖGNUN

Nýr Chevrolet Lacetti Station á aðeins 25.827,- á mán.*

- 100% fjármögnun
- Engin útborgun
- Í erlendri mynt, vextir 4,27%
- 3 ára ábyrgð

LÆKKAD VERÐ!
Á ÖLLUM NÝJUM BÍLUM VEGNA
HAGSTÆÐS GENGIS KRÓNUNNAR.



Chevrolet Lacetti 1800cc
frá GM stærsta bílaframleiðanda í heimi
Verð: 1.799.000,- Við auglýsum ekki verð frá!

Engin útborgun...
...og þú ert kominn á nýjan fjölskyldubíl!

Lacetti

*m.v. 84 mánaða bílasamning (í erlendri mynt, vextir 4,27%)

Vertu klár – engin útborgun fyrir nýjan bíl

Þú færð nýjan fjölskyldubíl úr kassanum með 100% fjármögnun og borgar aðeins 25.827 kr. á mánuði. Bíllinn, sem er hluti af evrópulínu Chevrolet, er með 3ja ára ábyrgð og Chevrolet gæðastimplinum. Vertu því klár, komdu og kynntu þér málið. Við erum á Tangarhöfðanum og tökum vel á móti þér.

Bílaútlán
Benna

Tangarhöfða 8-12 Sími 590 2000 www.benni.is
Umboðsmenn: Bílahornid hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala Austurlands, Egilsstöðum. Bílasala Vesturlands, Borgarnesi.



CHEVROLET

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	61,40 61,70
Sterlingspund	124,69 125,29
Evra	83,71 84,17
Dönsk króna	11,248 11,314
Norsk króna	10,432 10,494
Sænsk króna	9,069 9,123
Japanskt jen	0,5155 0,5185

SDR	93,83	94,39
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	113,7187	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Aðstoðarráðherra orkumála Bandaríkjanna:

Kynnir sér íslenska orku

ORKUMÁL Alexander Karsner, aðstoðarráðgjafi Bandaríkjanna, er nú í heimsókn á Íslandi til að kynna sér stöðu orkumála hér á landi. Hann skoðaði Helliðarvirkjun í gær ásamt fylgdarliði sínu og kynnti sér starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur.

Einnig var kynning í Orkustofnun og ráðherrann heimsótti háskóla-svæði Keilis í fylgd Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, sem hafði frumkvæði að komu hans til Íslands, og Össurar Skarphéðins-sonar iðnaðarráðherra. Karsner hefur einnig átt fundi með forsvarsmönnum Gltinis og Geysir Green Energy.



FRÁ HEIMSÓKN Í KEILI Alexander Karsner, Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðgjafi, Ólafur Ragnar Grímsson, Runólfur Arnason rektor og Þorsteinn Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

MYND/VÍKURFRÉTTIR

Tvö skemmtiferðaskip á Ísafirði:

Vinsældir Ísafjarðar-hafnar aukast

FERÐAMENN Tvö skemmtiferðaskip komu til Ísafjarðar í gær og hefur verið mikið annríki við móttöku skemmtiferðaskipa í Ísafjarðarhöfn að undanförunu. Skipin heita Princess Danae og Thompson Spirit, sem er tæp 34 þúsund tonn og ber 1.350 farþega. Princess Danae er rúmlega 16 þúsund tonn og rýmur 500 farþega. Því voru tæplega 2.000 ferðamenn staddir á Ísafirði í gær, að því segir á fréttavefnum bb.is.

Þá hafa komið 3.200 farþegar á einni viku til Ísafjarðar með



Í HÖFN Komum ferðamanna með skemmtiferðaskipum fjölga á frá ári víða um land.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

skemmtiferðaskipum en vinsældir Ísafjarðarhafnar sem viðkomustaðar skemmtiferðaskipa fara vaxandi með hverju ári.

Ráfaði ölvaður inn í rangt hús: Blindur skotinn í röngu húsi

BANDARÍKIN Blindur maður sem ráfaði ölvaður inn í rangt hús í Texas-ríki á dögunum slasaðist þegar íbúi í húsinu skaut á hann úr haglabyssu.

Maðurinn býr skammt frá og hafði í ölvinnu ruglast á húsum. Sagt er frá því í blaðinu Houston Chronicle að maðurinn hafi rifist í dágóða stund við húsráðanda um það í hvers húsi þeir væru staddir, áður en á hann var skotið. Hann hlaut minniháttar áverka og ekki er búist við kærnu vegna málsins.

Að sögn aðstandenda mannsins hafði hann lent í svipuðum uppákomum áður.

- sh

LÖGREGLUFRÉTTIR

Féll af baki og slasaðist

Kona á sextugsaldri var flutt með sjúkrahúsi á heilbrigðisstofnunina á Hellu í gær eftir að hún féll af hestbaki. Meiðsli konunnar reyndust minni en talið var í fyrstu.

Umferðaslys í Grímsnesi

Umferðaróhapp varð um kvöldmatarleytið í gær á Biskupstungnabraut við Minni-Borg í Grímsnesi. Bíll ók í veg fyrir mótorhjól með þeim afleiðingum að ökuþingur hjólsins kastaðist af því. Honum var ekið á slysadeild í Reykjavík og ekki er vitað um áverka hans að svo stöðu.

Akstur undir áhrifum

Ökuþingur var stöðvaður í Hveragerði laust eftir klukkan 18 í gær grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna.

LEIÐRÉTTING

Mistök urðu við vinnslu fréttar um vinsældir myndbands Páls Óskars Hjálmtýssonar á YouTube í blaðinu í gær. Rangt var farið með fjölda þeirra sem skoðað hafa myndband hans. Þeir eru á annað hundrað þúsund, rúmlega 126 þúsund nánar tiltekið.

Svart útlit með varp sjófugla

Varp sjófugla er tíu til tuttugu prósent af því sem eðlilegt getur talist. Ástæðan er skortur á æti og rannsóknir benda til að tvo árganga vanti í sandsílastofninn. Aðeins norðanlands virðist varp í lagi þar sem loðna er aðalæti sjófugls. Varp hefur einnig brugðist í Færeyjum sem bendir til að vandinn sé mikill.

UMHVERFISMÁL „Við teljum að varp sjófugla sé lélegt á flestöllum þeim svæðum þar sem fuglinn reiðir sig á sandsíli sem æti. Í Vestmannaeyjum eru aðeins tíu til tuttugu prósent af þeim fjölda fugla sem getur talist eðlilegur í varpi hjá lunda og svartfugli,“ segir Kristján Lilliendahl, sérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun. Árlegar sandsílarannsóknir Hafrannsóknastofnunar benda til að tvo árganga vanti í stofninn sem sjófuglar fyrir Austur-, Suður- og Vesturlandi reida sig á sem æti. Varp sjófugla fyrir Norðurlandi virðist ganga vel þar sem loðna er aðal ætið.

Vestmannaeyjar eru langmikilvægasta fuglavarpið fyrir Suðurlandi og virðist ástandið þar vera mjög alvarlegt þriðja árið í röð. „Það er ekki egg eða fugl í nema litlum hluta af lundaholum og þeir sem tína svartfuglaegg í Eyjum finna lítið og jafnvel ekkert á klettasyllum sem áður gáfu hundrað egg eða meira,“ segir Kristján. „Stærsta kríuvarp á Íslandi hefur verið á háhitasvæðum á Reykjanesi og mér er sagt að það sé ekki svipur hjá sjón. Þar sem áður voru þúsundir kríuhreidra eru nú nokkur hundruð.“

Ástandið, þar sem fugl reiðir sig á sandsíli, virðist vera best á Austurlandi. Í Papey var kríu- og lunda-varp með mesta móti að sögn þeirra er dvalið hafa þar yfir sumartím-ann undanfarin ár. Því virðist meira æti við austurströndina sem skýrist af því að sjórinn fyrir austan er heldur kaldari en við suðurströndina og hefur það áhrif á fæðuframboðið. Ljóst þykir að varp fugla sem treysta á æti úr sjó er í góðu lagi á Norðurlandi. Vel horfir til dæmis með varp í Grímsey.

Árlegri rannsókn Hafrannsóknastofnunar á sandsíli lauk nýlega og

niðurstöður benda til að tvo árganga vanti í stofninn, en sandsíli er aðalfæða sjófugls annars staðar við landið en fyrir Norðurlandi. Talsvert meira fannst þó af seidum en í fyrria, aðallega á Breiðafirði. Kristján er einnig nýkominn úr leiðangri til Vestmannaeyja þar sem fylgst var með lunda úr lofti og á sjó. „Lundinn er að éta sandsíli út af Selvogi sem getur skýrt af hverju kríuvarp er sæmilegt við Grindavík. En þetta er ekki svo mikið af síli að það sé neitt til að byggja á,“ segir Kristján.

Lélegt varp hjá kríu og lunda hefur aðallega vakið athygli en

„Það er ekki egg eða fugl í nema litlum hluta af lundaholum og þeir sem tína svartfuglaegg í Eyjum finna lítið og jafnvel ekkert á klettasyllum sem áður gáfu 100 egg eða meira.“

KRISTJÁN LILLIENDAHL
SÉRFRÆÐINGUR Á
HAFRANNSÓKNASTOFNUN

sama á við um varp annarra fugla sem reida sig á æti úr sjó. Þannig virðist varp ritu í Vestmannaeyjum vera innan við tíu prósent miðað við meðalár, þótt rannsóknir vanti til að staðfesta það.

Jens-Kjeld Jensen, fuglafræðingur í Færeyjum, segir að sama ástand sé þar í landi og óttast hann að stofnar sjófugla, þar á meðal lundinn, deyi út ef ekki verður breyting á. Kristján segir að síli hafi horfið í Norðursjó fyrir þremur árum og fréttir frá Færeyjum gefi ekki ástæðu til bjartsýni. „Maður óttast auðvitað að eitthvað stórt og mikið sé í gangi í lífríkinu,“ segir Kristján. svavar@frettabladid.is



LUNDAÞYGGÐ Varp sjófugla er mjög lélegt þriðja árið í röð en stofnar þeirra eru ekki ennþá í hættu, að mati fuglafræðinga.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SVARTFUGLAR OG AÐRIR SJÓFUGLAR

- Svartfuglar tilheyra ættbálki strandfugla (Charadriiformes) og teljast allir til svartfuglaættar (Alcidae).
- Á Norður-Atlantshafi eru þekktar sex tegundir og verpa þær allar á Íslandi.
- Þessar tegundir eru langvía, stuttnefja, álka, teista, haftyrdill og lundi.
- Svartfuglar halda til á rúmsjó og í sjávarbjörgum allan ársins hring. Fuglarnir eru vænglitlir, þungir til flugs með fætur mjög aftarlega á bók eins og títt er um fugla sem

kafa eftir æti. Þeir verpa allir einu eggjum, nema teista sem oftast verpir tveimur eggjum. Nafnið sjófuglar á við fugla sem lifa í nánnum tengslum við sjóinn. Fæða þeirra er að mestu eða öllu leyti sjávarfang og varpstöðvar eru yfirleitt við strandlengjuna. Við Íslandsstrendur lifa um 30 tegundir sjófugla sem beita mismunandi aðferðum til fæðuöflunar. Fæða þessara fugla getur verið úrkast frá bátum, loðna, síli, sviflög krabbadýr eða annað dýrasvíf.

FÁÐU SMÁ SUMAR Í KROPPINN

EGILS
APPELSÍN
LIMONÁDI

SUMARUPPBÓTIN ÞÍN

VEÐURSPÁ

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn	18°C hálfskýjað	London	18°C skúrir	Eindhoven	14°C rigning
Billund	16°C skúrir	Paris	20°C skúrir	Basel	21°C skýjað
Oslo	18°C rigning	Frankfurt	21°C rigning	Alicante	30°C heiðskirt
Stokkhólmur	19°C rigning	Friedrichshafen	22°C rigning	Róm	32°C heiðskirt
Gautaborg	16°C rigning	Berlín	18°C skúrir	Las Palmas	26°C heiðskirt

* Vinndraði er í metrum á sekúndu.



FERÐAFÉLAGI

Tegund: Arna

Litir: Beinhvítur / Burnt Orange / Svartur

Efni: Pontetorto - No Wind Teflon

Verð: 17.980 kr.



CINTAMANI CENTER // LAUGAVEGUR 11 // 101 REYKJAVÍK

SPJARAÐU ÞIG!

KJÖRKASSINN



Á skólafólk að fá frítt í strætó frekar en aðrir hópar?

Já	57,2%
Nei	42,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ertu hlynnt/ur því að NATO hafi eftirlit með íslenski lofthelgi?

Segðu skoðun þína á visir.is



Alþjóðleg ráðstefna um vandamál sem tengjast flóttamannastraumi frá Írak:

Vestræn ríki hjálpi meira til

AMMAN, AP Jórdanar, Sírylendingar og Írakar segjast litla hjálp fá við að takast á við rúmlega tvær og hálf milljón flóttamanna frá Írak. Arabþjóðirnar geti ekki staðið undir öllum þessum straumi flóttamanna. Þetta kom fram á alþjóðlegri ráðstefnu í Amman í Jórdaníu. Ráðstefnan er haldin til að leita leiða til að létta byrðarnar af þeim löndum sem taka við stórum meirihluta flóttamanna. Auk fulltrúa frá ofangreindum þjóðum sækja ráðstefnuna fulltrúar Sameinuðu þjóðanna, Bandaríkjanna og fleiri þjóða, og alþjóðastofnana.

Milad Atiya, sendiherra Sírylands og Jórdaníu og stjórnandi



UTANRÍKISRÁÐHERRA ÍRAKS Segir boð Bandaríkjanna um að taka við 7.000 flóttamönnum táknrænan stuðning en ekki raunverulegan.

ráðstefnunnar, segir að að vestrænar þjóðir verði að taka þátt í að leysa þetta vandamál, „og sérstaklega Bandaríkin sem bera ábyrgð á því ástandi sem nú ríkir.“ Bandaríkin hafa einungis tekið við 133 íröskum flóttamönnum en buðust nýlega til að taka við 7.000 manns. Utanríkisráðherra Íraks, Mohammed Haji Hmoud, segir að það sé engin lausn. Sá stuðningur sé einungis táknrænn, ekki raunverulegur.

Talið er að 50.000 Írakar flýi landið í hverjum mánuði. Einnig er talið að tvær milljónir Íraka hafi flúið heimili sín og flust til annarra staða í Írak. -pal

Dick Cheney í hjartaaðgerð:

Fékk nýja rafhlöðu í gangráð

WASHINGTON, AP Dick Cheney, varaforseti Bandaríkjanna, fór í áhættulitinn hjartauppskurð í gær til að láta skipta um rafhlöðu í hjartagangráðnum sem hann er með.

Hjartagangráður fylgist með hjartslættinum og gefur vægt rafstuð við hjartsláttartruflanir eða ef hjartað hættir að slá.

Cheney hefur lengi verið hjartveikur. Hann hefur fengið fjögur hjartaáföll og fjórum sinnum farið í hjáveituaðgerð. Stofnæðarnar til hjartans hafa verið hreinsaðar tvisvar auk þess sem hann fór í aðgerð til að koma gangráðnum fyrir. -jar

PALESTÍNA

Tvær ríkisstjórnir

Hamas-stjórnin á Gaza hefur hafið launagreiðslur til rúmlega tíu þúsund opinberra starfsmanna á Vesturbakkanum sem teknir höfðu verið af launaskrá af fyrverandi stjórn vegna stuðnings þeirra við Hamas-samtökin. Með þessu virðast vera tvær starfandi ríkisstjórnir í Palestínu, ein leidd af Hamas-samtökunum á Gaza, en önnur studd af bandarískum stjórnvöldum á Vesturbakkanum.

PAKISTAN

Musharaf og Bhutto funda

Perves Musharaf, forseti Pakistans, hélt í vikunni leynifund með Benazir Bhutto, fyrrverandi forsætisráðherra landsins. Á fundinum var Musharaf að falast eftir stuðningi Bhuttos við endurkjör sitt sem forseta landsins. Musharaf á að hafa boðið Bhutto að verða aftur forsætisráðherra, en hún neitað að styðja Musharaf, nema hann segði af sér fyrst sem yfirmaður pakistanska hersins.



UMFERDARSLYS Færri hafa slasast í umferðinni á fyrstu sex mánuðum þessa árs en á sama tíma í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fimmtungi færri slasaðir í umferðinni

Fyrstu sex mánuði ársins var fjöldi tjóna í umferðinni svipaður og árið á undan. Slösuðum hefur þó fækkað samkvæmt tölum frá Sjóvá Forvarnahúsinu. Forstöðumaður segir að auknu eftirliti og umræðu sé um að þakka.

SAMGÖNGUR „Ég er sannfærður um að þetta sé auknum forvörn og eftirliti að þakka,“ segir Einar Guðmundsson, forstöðumaður Sjóvá Forvarnahússins. Á fyrstu sex mánuðum þessa árs hafa um tuttugu prósentum færri slasast í umferðinni en fyrstu sex mánuði síðasta árs.

Þetta kemur fram í tölum, sem Forvarnahúsið tók saman, úr umferðinni fyrstu sex mánuði ársins samanborið við fyrstu sex mánuði ársins 2006. Fjöldi tjóna helst nánast óbreyttur á milli ára. Undanfarna daga hefur Frétta-

blaðið fjallað um árangur af auknu umferðareftirliti lögreglu og áhrif þess og hærrí sekta. Lögreglumenn um landið segja að eftirlitið, ásamt auknum forvörn gegn hraðakstri, hafi dregið úr umferðarhraða Íslendinga.

„Ef meðalhraðinn er lækkaður um tíu kílómetra er ekki víst að tjónum fækki en það sem gerist er að tjónin breytast. Að mínu mati staðfesta þessar tölur það sem lögreglan heldur fram, að ökuhraðinn hafi lækkað. Það leiðir af sér að færri slasast þegar tjón verða,“ segir Einar.

Á Norðurlandi hefur tjónum fækkað um tuttugu prósent. Slösuðum hefur engu að síður fjölgað um sjö prósent. Á höfuðborgarsvæðinu hefur tjónum fjölgað um eitt og hálft prósent en slösuðum fækkað um rúm 22 prósent.

Tölurnar eru fengnar með því að taka saman tölur yfir tjón og slasada sem fylgja hjá Sjóvá og margfalda þær með hlutfalli markaðshlutdeildar Sjóvá. Þessi aðferð hefur gefið góðar niðurstöður sem eru mjög nálægt lagi og með litlum skekkjumörkum að sögn Einar. andriv@frettabladid.is

VIÐ HEITUM Á VIÐSKIPTAVINI

Nú getur þú hlaupið fyrir gott málefni að eigin vali í Reykjavíkumaraþoni Glitnis. Glitnir greiðir 500 kr. til góðgerðarmála á hvern kílómetra sem viðskiptavinir* skrá þig á www.glitnir.is

Nú geta þú og þínir vinir hlaupið fyrir gott málefni að eigin vali í Reykjavíkumaraþoni Glitnis. Glitnir greiðir 500 kr. til góðgerðarmála á hvern kílómetra sem viðskiptavinir* skrá þig á www.glitnir.is

Hanna þarf sérstaka þrengingu í Jökulsárgöng til að draga úr bakrennsli vatns upp göngin þar sem þvermál ganganna er meira en upphaflega var gert ráð fyrir.

Þrenging í göngum Jökulsárveitu prófuð í líkani í Sviss:

Þrenging minnkar bakrennsli

ORKUMÁL Hanna þarf sérstaka þrengingu í Jökulsárgöng til að draga úr bakrennsli vatns upp göngin þar sem þvermál ganganna er meira en upphaflega var gert ráð fyrir.

Líkan af þrengingunni hefur þegar verið hannað og prófað í Sviss og kom þar í ljós að allar forsendur hönnunnar stóðust. Gunnar Guðni Tómasson, forseti tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík, og Þorbergur Leifsson verkfræðingur, á Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, fóru fyrir hópi sérfræðinga við hönnun þrengingarinnar.

Þrengingin er hönnuð þannig að hún veldur miklu orkutapi þegar vatn rennur upp göngin en sem minnst orkutap verður þegar vatn rennur niður göngin í Fljótsdalsstöð þar sem fallorka vatnsins



FLJÓTSDALSVIRKJUN Séð inn í aðkomugöng Fljótsdalsvirkjunar í Valbjófsstaðafjalli.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

nýttist til rafmagnsframleiðslu. Þegar stöðva þarf snögglega vatnsstraum í Jökulsárgöngum inn á vélar Fljótsdalsstöðvar verða miklar rennissveiflur og gæti

vatn jafnvel runnið um tíma í öfuga átt í göngunum. Við viss skilyrði gæti bakrennslið orðið mun meira en mesta rennsli um göngin til virkjunarinnar. -avi

NING'S Sumarleikur

Við drögum tvisvar í viku í allt sumar í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni.
Á föstudögum: Borgarferð fyrir 2 til Evrópu með Icelandair, 10 manna matarveislu frá Nings og sumaráskrift að Séð og Heyrt.
Á miðvikudögum: 6 mánaða kort í World Class Laugum, sumaráskrift að Séð og Heyrt, bensín úttekt frá Olís og sumarglaðning frá Vífilfelli.
Og í lok sumars drögum við út flottan Volkswagen Golf með sportpakka til afnota í heilt ár.

Sumar tilboð

krónur
1295
á mann

krónur
2590
fyrir tvo

ATH: TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EBA FLEIRI • EFTUR ÞRINGIR OG SÆKIR FYLGIR 2L COKE MEÐ TILBOÐINI • UNNI

Coca-Cola

Eggjanúðlur með grænmeti, Svínakjöt og grænmeti í drekasósu Kjúklingur og grænmeti í ostrusósu Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu,



Hrönn Sigurðardóttir
Bikarmeistari í vaxtaraeki 2006 og
Íslandsmeistari í vaxtaraeki 2007
velur heilsuértili Nings

Magnús Bess
Margrafur Íslandsmeistari
í vaxtaraeki
velur heilsuértili Nings



Pú færð þátttökuseðil þegar þú kaupir mat á Nings, fyllir hann út og þú ert með í leiknum.



Drögum í lok sumars...
Volkswagen Golf
 til afnota í eitt ár
 frá Heklu

Coca-Cola
 Drögum vikulega
 í allt sumar...
 Sumarglaðning
 frá Vífilfelli

WWW.ICELANDAIR.IS
 Drögum vikulega
 í allt sumar...
 Evrópuferð
 fyrir 2 með
 Icelandair

NING'S
 Drögum vikulega
 í allt sumar...
 Matarveisla frá
 Nings fyrir
 10 manns

LAUGAR
 Drögum vikulega
 í allt sumar...
 6 mánaða kort
 í World Class
 Laugum

SÉÐ OG HEYRT
 Drögum vikulega
 í allt sumar...
 Sumaráskrift að
 Séð og heyrt

olís
 Drögum vikulega
 í allt sumar...
 Bensín úttekt
 frá Olís

Klikkaðir
 Aukavinningar
 Biomega
 reiðhjól



NING'S

VEISTU SVARID?



1. Hvað heitir bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum?
2. Hver hefur verið ráðinn dómari og spurningahöfundur í Gettu betur næsta vetur?
3. Hvar eru franskir dagar haldnir um helgina?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

LÖGREGLUFRÉTIR

Ók undir áhrifum fíkniefna

Lögreglan í Borgarnesi stöðvaði för ungrar stúlku aðfaranótt laugardagsins en hún er grunuð um að hafa ekið undir áhrifum fíkniefna.

Líkamsrás á Ísafirði

Einn fékk að gista fangageymslu lögreglunnar á Ísafirði aðfaranótt laugardags eftir líkamsrás. Þá stöðvaði lögreglan einn ökumann, innanbæjar á Ísafirði, sem grunaður er um að hafa ekið ölvaður.

Offita er félagslega smitandi

Félagsleg tengsl hafa meiri áhrif á þyngd einstaklings en líffræðileg samkvæmt bandarískri rannsókn. Vísindamenn telja að offita hjá vini eða ættingja geti breytt viðhorfi til þess hvað telst viðunandi þyngd.

BANDARÍKIN, AP Offita getur verið „félagslega smitandi“ samkvæmt rannsókn bandarískra vísindamanna þar sem fram kemur að fólk sem á vin, systkini eða maka sem er of feitur sé í aukinni hættu á að þjást sjálft af offitu.

Niðurstöðurnar benda til að félagsleg tengsl hafi jafnvel meiri áhrif á þyngd einstaklings heldur en líffræðileg. Líkur á að einstaklingur verði of feitur jukust um 57 prósent ef vinur hans var of feitur, 40 prósent ef systkini hans var það og 37 prósent ef maki hans var það. Í nánustu vináttunum jókst áhættan næstum þrefalt.

„Við vorum forviða að komast að því að vinir sem búa í hundræða kílómetra fjarlægð hafa alveg

jafn mikil áhrif á þyngd einstaklingsins og vinir sem búa í næsta húsi,“ segir einn vísindamanna sem gerðu rannsóknina, James Fowler sem starfar við Kaliforníuháskóla í San Diego.

Vísindamennirnir reiknuðu út að bæti of feitur einstaklingur á sig 7,7 kílóum leiði það til þess að viðkomandi vinur hans bæti á sig auka 2,3 kílóum samkvæmt meðaltali.

Vísindamennirnir telja að þetta snúist ekki bara um að fólk með svipaðar venjur í mataræði og hreyfingu haldi saman heldur telja þeir líklegt að eigi fólk vini eða ættingja sem séu of feitir þá breyti það viðhorfi þess gagnvart því hvað sé viðunandi þyngd.

Sérstaklega var tekið fram að fólk ætti ekki að hætta samskiptum við vini eða ættingja á grundvelli þessara niðurstaðna. „Það er haugur af rannsóknum sem benda til að það sé hollt fyrir heilsuna að eiga fleiri vini. Þannig að það síðasta sem þú vilt gera er að losa þig við nokkurn af vinum þínum,“ segir Fowler.

Niðurstöður rannsóknarinnar



MÆÐGUR Á STRÖNDINNI Hætta er á að holdarfar „smitist“ til þeirra sem standa manni næst, alveg óháð skyldleika.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

voru birtar í New England-lækna-tímaritinu. Við rannsóknina voru skoðaðar læknaþýrslur fólks sem hafði tekið þátt í hjartarannsókn sem hafði verið í gangi í meira en hálfa öld í úthverfi

Boston. Síðan var gagna aflað um vini, ættingja og maka frá þátttakendum í hvert sinn sem þeir voru rannsakaðir yfir 32 ára tímabil. Rannsóknin náði til 12.067 manns.

sdg@frettabladid.is

STELPUR Í SÓKN

OR STYRKIR EVRÓPUMÓT U-19 KVENNA



UEFA
WOMEN'S
UNDER-19
CHAMPIONSHIP



Orkuveita
Reykjavíkur

Ölvunar- og hraðakstur: Forvarnir á fimm tungum

FORVARNIR Á fyrri hluta ársins voru útlendingar tuttugu prósent þeirra sem voru teknir fyrir ölvunarakstur og sex prósent þeirra sem keyrðu of hratt.

Til að bregðast við þessu hefur VÍS gefið út bækling á fimm tungumálum með upplýsingum til útlendinga um umferðarlög á Íslandi. Auk íslensku er bæklingurinn á ensku, pólsku, rússnesku og spænsku.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í vikunni er Sjóvá að gefa út svipaðan bækling. Útlendingar ættu því með góðu móti að geta kynnt sér umferðarlög hér á landi. - aví

BRETLAND

Brown til Washington

Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, heldur í dag í sína fyrstu opinberu heimsókn til Bandaríkjanna. Stærsta málið sem verður rætt þar er framtíð breska herliðsins í Irak.

Færri treysta BBC

Traust almennings í Bretlandi á BBC hefur minnkað verulega að undanfögnu. Þetta gerist í kjölfar uppljóstrana um að klípt voru saman myndskleið sem gáfu villandi mynd af drottningunni og að símaleikir voru sviðsettir í stórum sjónvarpsþáttum.



ÚRSLITALEIKUR

Í EM KVENNA U-19



HVA HÚSDY/SA 07981

ENGLAND - ÞÝSKALAND

Laugardalsvöllur, sun. 29. júlí kl. 16.00

ALLIR Á VÖLLINN!

 KIA umboðið á Íslandi er í eigu HEKLU.

KIA • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is


KIA MOTORS
The Power to Surprise™



FRÍTT Á ÚRSLITALEIKINN Í BOÐI OR

Orkuveita Reykjavíkur vill þakka ungu knattspyrnukonunum sem hafa gert úrslitakeppni Evrópumóts kvenna yngri en 19 ára að afburðaskemmtun. Keppni sem þessi er hvatning til allra íslenskra knattspyrnustúlkna um að æfa af krafti og hver veit nema þær muni spila á móti sem þessu í framtíðinni. Í dag takast á tvö bestu lið mótsins á Laugardalsvöllinum í úrslitaleik keppinnar og vill Orkuveitan hvetja sem flesta að láta sjá sig. Að leik loknum mun forseti UEFA, Michel Platini, afhenda sigurliðinu Evrópubikarinn.

Sjáumst á vellinum!

29. JÚLÍ 16:00 ENGLAND - ÞÝSKALAND LAUGARDALSVÖLLUR

Landbúnaðarstefna í sauðalitunum:

Fíflaskapur á kostnað neytenda

JÓN KALDAL SKRIFAR

Það kom ekki sérstaklega á óvart að það skyldu vera sveitungar fyrrverandi landbúnaðarráðherra sem tókst að spilla fyrir að ódýrar erlendar kjötvörur frá Evrópusambandinu kæmst á íslenskan markað eins og Fréttablaðið sagði frá í vikunni.

Í landbúnaðarráðherratíð sinni kom Guðni Ágústsson alltaf fyrst og fremst fram sem grímulaus hagsmunagæslumaður bændastéttarinnar. Engu skipti þótt sú varðstaða væri á kostnað heimila landsins.

Ef Guðni fengi einn að ráða þyrftu íslenskir neytendur eflaust að greiða hæsta verð í heimi fyrir landbúnaðarvörur um aldur og ævi. En sem betur fer er Guðni ekki lengur landbúnaðarráðherra.

Sú einangrunarstefna sem Guðni þróaðist við að viðhalda í kringum íslenskan landbúnað er álíka mikil tímaskekkja og ef stjórnvöld leyfðu einungis ríkissjórnvarp í svarthvítu og fimmtudagskvöld væru sjónvarpslaus.

Hið kostulega, eða öllu heldur sorglega, er að umhverfi landbúnaðarins hér á landi er einmitt enn með slíkum brag. Og auðvitað ber Guðni Ágústsson ekki einn ábyrgð á ástandinu þótt hann hafi barist um á hæl og hnakka til að viðhalda því.

Staðreyndin er sú að hver ríkisstjórn á fætur annarri hefur sýnt undirlegt þrekleysi við að koma íslenskum landbúnaði í takt við tímann. Á sama tíma og hið opinbera hefur losað um tök sín á viðskipta- og efnahagslífinu hefur hvergi verið slakað á verndarhendinni yfir landbúnaðinum. Og neytendum blæðir fyrir vikið.

Það er lýsandi fyrir forneskjuna að forræði um álagningu tolla á innfluttar matvörur er í landbúnaðarráðuneytinu. Í því sögulega ljósi að landbúnaðarráðherrar hafa ávallt litid á sig sem umboðsmenn bænda, er þetta álíka gáfulegt fyrirkomulag og að gera stórméistara Góðtemplarareglunnar að forstjóra ÁTVR.

Eins og staðan er núna er innlend framleiðsla á kjöti, mjólkurafurðum og eggjum nánast í fullkomnu skjóli fyrir samkeppni við erlenda framleiðslu. Tollar og skattar eru með þeim hætti að innflutningur á þessum vöruflokkum er ekki raunhæfur.

Ítrekað hefur komið fram að meðal þess sem vegur þyngst í að viðhalda hér háu matvöruverði er hátt verð á innlendri matvöruframleiðslu. Til að breyta því þarf að umbylta núverandi verndarstefnu.

Eitt orlósið hænufer í þá átt var tekið með samningnum við Evrópusambandið síðastliðinn vetur. Stóraukinn tollkvóti á kjöti, með lægri innflutningsgjöldum en áður hefur tíðkast, átti að leiða til lægra matvælaferðs.

Þann samning hefur Sláturhús Hellu nú haft að háð og spotti. Guðni hefur eflaust glott í kampinn yfir athæfi sveitunga sinna, sem tryggðu sér meirihluta kvótans en hættu sisona við innflutninginn vegna þess að þeir sögðust hafa misskilið útboðsreglurnar. Hinum, sem bera hag íslenskra neytenda fyrir brjósti, er ekki skemmt. Þessi fíflaskapur er enn ein staðfesting þess að það er löngu tímabært að móta landbúnaðarstefnu sem tekur mið af hag neytenda, en ekki bænda.

FRÁ DEGI TIL DAGS

„Er ráðherrann annars bindindismaður?“

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra segir frá ferð sinni í Bárðardalinn á heimasíðu sinni. Í Bárðardalnum kom hann við hjá Héðni Höskuldssyni, bónda á Bólstað sem vildi gera vel við ráðherrann í heimsókn sinni þegar hann ætlaði að sýna honum Aldeyjarfoss, einn fegursta foss landsins. Svo virðist sem illur grunur hafi læðst að honum, svo hann spur, „Er ráðherrann annars bindindismaður?“ Össur segist hafa þvertekið

fyrir það og fékk því að launum koniaksdreitil við Aldeyjarfoss. Sögunni fylgir að koniakið hafi verið vel þegið, þó ráðherrann „sé í eðli sínu fullbindindissamur.“

„Fullbindindissamur“

Ekki liggur ljóst fyrir hvað það er að vera „fullbindindissamur“. Bindindismenn, líkt og félagi Össurar að vestan, þingmaðurinn sr. Karl V. Matthíasson, eiga þetta orð varla til í sínum orðaforða þar sem það gefur til kynna að algjört bindindi sé eitt-hvað slæmt.



Framþróun er dýr

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, fulltrúi Reykjavíkurborgar í Strætó bs. sagði í fréttum Ríkisútvarpsins á föstudag að alla jafna væri það ekki hlutverk borgarinnar að standa í þróunarverkefnum, af því tilefni hve dýrt smarkortakerfið er orðið. Þróunarverkefni ættu heima hjá einkafyrirtækjum sem hið opinbera gætu svo keypt þegar þróun væri lokið. Þróunarverkefni eru greinilega ekki það sama og þróunarverkefni, því Þorbjörg Helga er einnig formaður leikskólaráðs, en líkt og með grunnskólana er leikskóli varla leikskóli í dag, nema að hafa eitthvert þróunarverkefni í gangi. svanborg@frettabladid.is

Í skuld við Afríku

Heimurinn horfir öðruvísi við þegar maður skoðar hann úr suðri. Ekki aðeins stjörnuþjartur himinninn yfir eyðimörkum Afríku heldur líka stjörnum þrýddur fundarsalur helstu leiðtoga heims. Þeir vita kannski, að engin heimsálfa hefur lagt minna til mengunar sem leiðir til loftslagsbreytinga af mannavöldum en Afríka. Og engin heimsálfa mun fara verr út úr afleiðingum vaxandi hita á jörð en einmitt Afríka. Það er von að hér niðurfrá séu farnar að hljóma raddir um skaðabætur. Þær heyrast reyndar líka á Grænlandi þar sem ísinn bráðnar; frumbyggjar landsins hafa sannarlega ekki staðið fyrir menguninni sem veldur.

Er 2007 merkisár?

Ég held að árið 2007 sé nú þegar orðið merkisár í sögu heims. Grundvallarbreyting í viðhorfum leiðtoga ríkustu ríkjanna hafi loks náð að skjóta rótum. Á leiðtoga-fundi G8-ríkjanna fyrir nokkrum vikum kom þetta skýrt fram þegar íhaldsleiðtogi Þýskalands fór í fararbroddi þeirra sem reyndu að fá George W. Bush til að horfast í augu við staðreyndir: Vestrænir lífshættir verða að breytast. Nýr utanríkisráðherra Breta orðaði þá svo: „Heimsbyggðin öll getur ekki vænst þess að búa við jafn góð lífskjör og Bretar, við þyrftum þrjár Jarðir til að standa undir því.“ Þetta er játning sem hefur ýmsan hljóm. Heima fyrir merkir hún í hugum margra að nú verði fólk að nota sparperur, fækka bílferðum, borga mengunarskatt. Í besta falli smávægileg óþægindi. Í Afríku hljómar þetta svo: Við þessi ríki höfum ákveðið að þið hin



STEFÁN JÓN HAFSTEIN Í DAG | Málefni Afríku

megið ekki hafa það jafn gott og við. Kínverjar og Indverjar hrista bara hausinn og keyra á fullri ferð inn iðnvæðingu með ótrúlegri mengun og afráni auðlinda. Í Afríku eiga menn ekki þann kost. Það er því von að dálkahöfundar og hördustu stjórnálamennirnir segi: Enn eitt samsærið gegn Afríku! Þið skuldið!

Viðhorfsbreyting jafngildir ekki aðgerðum

Viðhorfsbreyting helstu leiðtoga iðnríkja á langan aðdraganda. Kenningar um þróun eiga rót að rekja til þess markmiðs að lyfta fátækum ríkjum á sama framleiðslu- og neyslustig og Vesturveildin njóta. Eftir þessu markmiði starfaði Alþjóðbankinn lengstum. Viðsúningurinn í viðhorfum og ræðu manna er því algjör þegar viðurkennt er að „þróunarstig“ Vesturvelda sé í raun á yfirdrætti. Það þýðir samt því miður ekki aðgerðir strax. Fyrir tveimur árum komu leiðtogar sömu ríkja saman í Gleneagles í Skotlandi og lofuðu undir forystu Tonys Blair risavöxnum skrefum fyrir Afríku. Ekki hefur verið staðið við helminginn af því. Nýleg skýrsla sýnir að „Þúsaldarmarkmiðum“ Sameinuðu þjóðanna í baráttu

gegn fátækt, menntunarskort og sjúkdómum verður ekki náð með sama áframhaldi.

Jörðin séð úr suðri

Í þessu sambandi verður örvænting margra í Afríku enn skiljanlegri og kaldhæðnin í orðum leiðtoga iðnríkja enn meiri. Meðan Vesturlandabúar rífast um óþægindin af því að „skerða“ mengunarkvóta sinn deyta börn í Afríku úr hungri og sjúkdómum. Hér þarf rafmagn fyrir sjúkrahús sem enn eru ekki til. Meðan einkabílar Evrópu og Ameríku eru auglýstir „grænir“ vantar vegi og brýr um alla Afríku til að bændur komi vörum á markað og lifi af. Verksmiðjur í Evrópu og Asíu búa sér til losunarkvóta til sölu með því að menga minna en áður, en í Afríku þar sem mjög lítið er um slíkar verksmiðjur er möguleikinn einfaldlega ekki fyrir hendi. Hins vegar munu loftslagsbreytingar af mannavöldum gera 600 þúsund ferkílómetra af ræktanlegu landi í Afríku að eyðimörk á 20 árum. Sérstakt ráð Sameinuðu þjóðanna um áhrif loftslagsbreytinga telur að matvælaframleiðslu verði alvarlega ógnað, áhrifin verða viðtæk og óviðræðanleg fyrir þá íbúa jarðar sem veikast standa fyrir. Og hafa minnst lagt af mörkum til að valda þeim vanda sem mannkin glímur við. Ef maður færir með þetta vandamálið inn í 10 ára bekk til úrlausnar grunar mig að Salómonsdomurinn kæmi fljótt: Við verðum að mætast á miðri leið. Í flóknum heimi alvörunnar útfærast þetta þannig að ekkert átak gegn mengun á lofthjúpi jarðar fái staðist án þess að ráðist sé gegn fátækt samtímis.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ADSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvín Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871



ÁRBÆJARSAFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA

OPÍÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17

Nánari upplýsingar á vefslóðinni www.minjasafnreykjavikur.is



ÁRBÆJARSAFN

Kistuhyl • 110 Reykjavík • Sími 411 6300 www.minjasafnreykjavikur.is

Um öfgar og öfgaleysi

UMRÆÐAN

Palestína

Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, birtir grein sl. miðvikudag undir fyrirsögninni Öfgalaus stefna í málefnum Palestínumanna. Þar vísar þingmaðurinn í málflutning formanns flokks síns, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, og yfirlýsinga hennar um Mið-Austurlönd. Eg hef gagnrýnt þessar yfirlýsingar og talið að það sé ekki til árangurs fallið í friðarferli né í anda lýðræðis að hunda þá aðila sem unnu sigur í síðustu þingkosningum í Palestínu, þ.e. Hamas-samtökin. Um þetta segir Árni Páll Árnason: „Það er sérkennilegt að sjá Ögmund taka sér stöðu sem blaðafulltrúa Hamas, þegar viðleitni stuðningsríkja Palestínumanna um heim allan er að stuðla að einingu Palestínumanna.“

Árni Páll er ekki einn um að reyna að innprenta fólki að ég sé sérstakur talsmaður Hamas. Það gerir m.a. Sigurður Kári Kristjánsson þingmaður Sjálfstæðisflokksins á heimasíðu sinni og Egill Helgason, fjölmiðlamaður að sama skapi, en hann gagnrýnir afstöðu mína og segir að hann viti ekki „hversu líklegt það er til vinsælda að taka upp hansann fyrir þessi öfga- og hryðjuverkamtök“. Fleiri hafa talað og skrifað í þessa veru.

Í fyrsta lagi vil ég segja Agli Helgasyni og skoðanasystkinum að afstöðu í þessu máli tek ég ekki eftir því hvað ég telji líklegt að vera fallið „til vin-



ÖGMUNDUR JÓNASSON

sælda.“ Saga Palestínu er blóði drifin hörmungasaga síðari hluta 20. aldarinnar, allar götur frá samþykkt tillögu SP um skiptingu Palestínu árið 1947 eftir línunum sem hvorki gyðingar né Palestínumenn viðurkenndu. Þá var landinu skipt nánast til helminga. Eftir grimmuóleg átök á þessu tímaseiði fór hlutur Palestínumanna niður í minna en fjórðung. Ísraelar gengu enn lengra í landvinningum í sex daga stríðinu á sjöunda áratuginum og nú með byggingu kynþáttamúrins þannig að stefnir í að Palestínumenn fái um tíunda hluta Palestínu í sinn hlut! Þetta hafa margir Palestínumenn ekki viljað setta sig við, lengi vel Fatah og enn lengur Hamas.

Nú gerðist það hins vegar að Hamas lýsti vilja til að mynda þjóðstjórn með Fatah og jafnframt að semja við Ísraela á grundvelli samþykktu SP sem byggja á landaskiptum eins og þau voru fyrir sex daga stríðið. Þetta vakti vonir um að Palestínumenn væru loksins að sameinast um friðsamlega lausn. Út á nákvæmlega þetta gekk viðleitni Norðmanna 1993. Nálgun Norðmanna taldi ég raunsæja – ekki öfga-fulla! – og harmaði að íslenskur utanríkisráðherra tæki undir með ísraelskum stjórnvöldum sem í vor – rétt fyrir komu íslensku sendinefndarinnar – tókst endanlega að hrekja réttkjörna stjórn frá völdum í Palestínu og er nú enn einu sinni að takast að framfylgja gömlu ráði nýlnduherra: Að deila og drottna.

Höfundur er þingflokksformaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs.

Fáðu Mac-book í bitum



PIPAR • SÍA



Safnaðu 3 flípum af bitaboxum frá Góu og sendu til okkar. Þú gætir unnið Mac-book.

Bitaboxin frá Góu eru frábær í fríð



Nafn

Heimilisfang

Tölvupóstfang

Símanúmer

Dregið 15.ágúst. Góa-Linda ehf. Garðahrauni 2, 210 Garðabær

JEAN BAUDRILLARD FÆDDIST
PENNAN DAG ÁRIÐ 1929

„Manni líður betur við að fá neikvæða gagnrýni en lof, eða svo lengi sem það er vitað mál að afbrýðisemi liggur þar að baki.“

Þegar franskur heimspekingurinn Jean Baudrillard lést 6. mars á þessu ári hafði hann haft viðtæk menningarleg áhrif.



tímamót

timamot@frettabladid.is

BETTA GERÐIST: 29. JÚLÍ ÁRIÐ 1981, 1989 OG 2000

Skammvinn hjónabandssæla

Margir merkilegir atburðir hafa átt sér stað þann 29. júlí, en sérstaka athygli vekur hversu margt frægt fólk hefur gengið í hnapphelduna á þessum degi... og skilið.

Fyrstan ber að nefna leikarann Gregory Gifford Giles, sem hefur meðal annars leikið í Gilmore Girls. Hann kvæntist Stephani L. Bruyer á þessum degi 1989 og skildi fjórum árum síðar.

Kannist lesendur ekki við Giles, þekki þeir örugglega Brad Pitt og Jennifer Aniston sem gengu í það heilaga á þessum degi árið 2000. Þarinn var spáð langvarandi hamingju þar til Angelina nokkur Jolie kom til sögunnar. Í kjölfarið sótti Aniston um skilnað í janúar 2005.

Síðan er það eitt sögufrægasta og jafnframt stormasamasta hjónaband allra tíma, en það var þegar Karl Bretaprins og Diana prinsessa giftust á þessum degi árið 1981. Sjaldan hefur almenningur orðið vitni að annarri eins skrautsýningu og var athöfninni líkt við ævintýri. Ævintýrið stóð þó stutt þar sem Diana komst snemma að því að Karl átti í ást-arsambandi við Camillu Parker Bowles. Hjónin skildu árið 1996 og tæplega ári síðar lést prinsessan í bílslysi.



BRÚKAUP Karl Bretaprins og Diana prinsessa giftu sig árið 1981.

Lesendur í giftingarhugleiðingum ættu því að hugsa sig tvisvar um ef þeir ætla að gifta sig 29. júlí.

MERKISATBURÐIR

- 1921 Adolf Hitler er kjörinn leiðtogi Þýska Þjóðernisjafnaðarmannaflokksins.
- 1948 Sumarólympíuleikarnir eru haldnir í fyrsta sinn eftir tólf ára hlé vegna seinni heimsstyrjaldarinnar.
- 1966 Tónlistarmaðurinn Bob Dylan lendir í mótörhjóla-slysi og dregur sig í hlé í eitt ár.
- 1967 Um það bil 500 manns láta lífið í jarðskjálfta í Venesúela.
- 1976 Raðmorðinginn Sonur Sáms lætur í fyrsta sinn til skaras skríða í New York.
- 1987 Margrét Thatcher forsætisráðherra Breta og François Mitterrand Frakklandsforseti undirrita samning um gerð ganga undir Ernarsundi.



DRULLA Keppt verður í nýrri grein á mýraboltamótinu um verslunarmannahelgina.

Í drullusvaði

Teygjudrullukeppni verður haldinsamhliðahefðbundnu mýraboltamóti sem haldið verður um verslunarmannahelgina á Ísafirði. Mýraboltin er subbuleg keppnisgrein þar sem fótboltaði karla sem kvenna í hinum ýmsu mýraboltum keppa í fótbolta í forar-svaði.

Teygjudrullukeppin er ættuð frá Þýskalandi eftir

því sem fram kemur á fréttavefnum www.bb.is. Hún fer þannig fram að keppandi arkar fram mýrina með fánastöng í hendi með teygju bundna um sig miðja. Þegar á líður eykst átakið og takmarkið er að ná að stinga stönginni niður rétt áður en gripið þrýtur og keppandinn kippist afturábak. Sá vinnur sem kemst lengst með fánastöngina.

ÖLD LIÐIN FRÁ KONUNGSKOMU: HEIMSÓKN FRIÐRIKS 8. FAGNAÐ Í ÁRBÆJARSAFNI

Safnhús færð í hátíðarskrúða

Í dag eru nær hundrað ár liðin frá komu Friðrik 8. konungs og fylgdarliðs hans til Íslands. Í tilefni af því hafa safnhús Árbæjarsafns verið færð í hátíðarskrúða.

„Við erum að fagna Konungskomunni árið 1907,“ segir Helga Maureen Gylfadóttir, safnvörður á Árbæjarsafninu, og bætir við að skemmtileg saga sé á bak við heimsóknina, sem að margra mati markar þáttaskil í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.

„Árið 1906 bauð konungur og danska þingið 40 íslenskum þingmönnum til Danmerkur. Ferðin heppnaðist vel og boðaði konungur komu sína til landsins 1907. Alþingi endurgalt gestrisnina með því að bjóða 40 dönskum þingmönnum hingað. Þegar uppi var staðið létu konungur, Haraldur prins, forsætisráðherra, viðskiptaneftnd, blaðamenn og þingmennirnir fyrirnefndu sjá sig.“

Helga segir dönsku gestunum hafa verið tekið með kostum og kynjum á Íslandi. „Allir reyndu að gera sitt besta. Hér voru hús skreytt og veislu haldnar. Til að mynda var móttökuhátíð haldin í alþingishúsinu. Hannes Hafstein var þá ráðherra og tók á móti konungi með orðunum: „Velkominn til þessa hluta ríkis yðar, herra konungur.“ En það má rekja til þess að Friðrik var alla tíð áhugasamur um ríki sín í norðri og velviljaður í garð Íslendinga.“

Konungur fór fyrst til Færeyja og dvaldist þar í fjóra daga áður en hann fór til Íslands. Svo kom hann við í Reykjavík. Hélt þaðan í vikuferð um Suðurland, þar sem hann skoðaði Þjórsárbrú, Gullfoss og Geysi og fór í útreiðartúra. Sneri aftur til Reykjavíkur, þaðan sem hann sigldi til Danmerkur með viðkomu á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, þar sem hann fékk hlýlegar viðtökur.

Hvort sem það var vegna afstöðu Friðriks til Íslendinga eða ekki, lögðu landsmenn sig fram við að sýna konunginum gestrisni, þrátt fyrir að sjálfstæðisbaráttan væri þá hafin.

„Stuttu fyrir komu konungs veltu menn fyrir sér hvort stjórnarandstæðan ætti að flagga bláhvíta fánanum og hafði fáeinum fánum verið flaggað hér nokkrum dögum áður,“ segir Helga. „Daginn sem Friðrik steig á land 30. júlí var slíkan fána þó hvergi að sjá. Þannig að heimsóknin varð samblanda af baráttudegi og þjóðhátíð.“

Að sögn Helgu varð það í þessari ferð sem konungur skipaði sambands-



SKRAUTLEGT Helga Maureen Gylfadóttir safnvörður ásamt Lasse Reiman, sendiherra Danmerkur, og Guðnýju Gerði Gunnarsdóttur borgarminjaverði.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

nefnd, sem samanstóð af ráðherrum og þingmönnum beggja þjóða, sem leiddi til þess að fullveldi náðist árið 1918. Þannig að segja mætti að ferðin hafi markað upphaf þess og fyrir þær sakir vill Konungskoman vera skrifuð með stóru K-i, eins og Helga bendir á.

Gestir Árbæjarsafnsins koma til með að geta endurupplifað stemninguna að einhverju leyti, þar sem safnhúsin verða í dag skreytt með sama

hætti og árið 1907. Þá munu nemendur við Listaháskóla Íslands halda tónleika í tilefni dagsins og ljósmyndir frá heimsókn konungs prýða veggi eins húsanna.

Því miður hefur enginn meðlimur í dönsku konungsfjölskyldunni boðað komu sína en Helga segir líkur á að einhverjir Danir muni þó láta sjá sig og heiðra viðstadda með nærveru sinni.

roald@frettabladid.is

†
Þökkum innilega allar samúðarkveðjur vegna andláts
Óskars Sigurbjörns Pálssonar
Hagaflöt 2, Garðabæ.

Guð blessi ykkur.
Páll Ólafur Pálsson og fjölskyldur.

†
Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, systir, mágkona, amma og langamma,
Lilja Anna Karólína Schopka
Sóltúni 2,
lést laugardaginn 21. júlí. Útför hennar fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 1. ágúst kl. 13. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á líknarfélög.

Elin Einarsdóttir	Sigurður Steinbjörnsson
Július Einarsson	Arna Skúladóttir
Halla Einarsdóttir	Már Svavarsson
Sverrir Schopka	Margrét Schopka
Ragnhildur Schopka	
Ottó Schopka	Sigríður Sigurbjörnsdóttir
Sigfús Schopka	Helga Skúladóttir
barnabörn og barnabarnabörn.	

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is



ELDSMIÐUR Eldsmiðurinn Beate Stormo kenndi byrjendum eldsmíði.

Smíðað á eldi á smiðjuhátíð

Í tilefni af 100 ára afmæli Vjela-smiðju Jóhanns Hanssonar stóð Tæknimínjasafnið á Seyðisfirði fyrir Smiðjuhátíð dagana 27.-29. júlí.

Síðasti dagurinn er því í dag en haldin voru námskeið í handverki auk fjölbreyttra sýningaratriða. Beate Stormo sá um námskeið fyrir byrjendur í eldsmíði og Páll Kristjánsson um námskeið í hnífasmíði. Hallgrímur Helgason sýndi eldsmíði og spenn úr hrosshárurum og Sölvi Aðalbjarnarson smíðaði af fingrum fram. Bjarni Þór Kristjánsson sýndi eldsmíði að hætti landnámsmanna.

Ný sýning undir heitinu „Jóhann Hansson – strákurinn frá Djúpavogi sem höndlaði nútímann,“ er í Vjela-smiðjunni og aðrar sýningar Tækni-



SAFNIÐ Safnasvæði Tæknimínjasafnsins á Seyðisfirði.

mínjasafnsins eru einnig opnar. Opið er alla daga frá 11-17. Nánar á www.teknu.is



ISLENSKA SIALS TOY 38358 0707

Yaris T-Sport - orkubolti

Það eina sem Yaris T-Sport á sameiginlegt með smábílum er stærðin. Krafturinn, þægindin, mýktin og aukabúnaðurinn eru eitthvað sem þú hefur hingað til bara kynnst hjá stærri bílum. Hann er með 1,8 lítra VVT-i bensínvél sem skilar 132 hö. McPherson-fjöðrunin, rafdrifna aflstýrið, hátæknilegt mælaborðið og sportlegt útlitið auka enn á akstursánægjuna.

Núna færðu Yaris T-Sport með 170.000 króna afslætti og í kaupbæti fylgja tveir miðar á tónleika Chris Cornell í Laugardalshöll 8. sept.

Komdu og reynsluaktu Yaris T-Sport.

Verð 2.100.000 kr.



TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070



Hjálpin sem ég hef fengið er mjög sérstök. Þetta er tækifæri sem fáir í minni stöðu fá, tækifæri til að fara í skóla og mennta mig. Líf Íslendinga er svo allt öðruvísi en lífið sem ég þekkti.

JEIMMY ANDREA GUTIÉRREZ



Tækifæri til að ná langt í lífinu

Árið 2005 kom hingað til lands þrjátíu manna hópur flóttafólks frá Kólumbíu. Í september er von á öðrum sams konar hópi til landsins, en í báðum hópum eru eingöngu konur og börn. **Jeimmy Andrea Gutiérrez** var í hópi þeirra kvenna sem komu fyrir tveimur árum. **Pórunn Elísabet Bogadóttir** ræddi við Jeimmy og **Björgu Sigríði Hermannsdóttur** stuðningsaðila hennar.

Í þrjátíu manna hópi flóttafólks frá Kólumbíu sker Jeimmy Andrea Gutiérrez sig úr. Hún á ekki börn eða fjölskyldu hér heldur kom hún ein hingað til lands fyrir tveimur árum. Þá var hún aðeins 21 árs gömul. Ekki ber mikið á fréttum frá heimalandi hennar hérlendis og því vita ekki allir hvernig ástand ríkir þar. Í Kólumbíu hafa verið vopnuð átök í rúmlega fjórtíu ár. Talið er að vegna átakanna séu á bilinu tvær til þrjár milljónir manna á flótta innan Kólumbíu auk tugþúsunda sem búa í nærliggjandi löndum.

Vissi ekkert um Ísland

„Hér eru flestir hlutir öðruvísi. Maturinn, fólkíð og veðrið,“ segir Jeimmy aðspurð um landið. Það voru blendnar tilfinningar sem fylgdu því að koma til Íslands. „Ég var stressuð og kvíðin en hafði samt miklar væntingar og var forvitin. Þetta er svo langt í burtu og ég vissi ekkert um Ísland.“ Jeimmy segir að hún hafi fengið upplýsingar um landið áður en hún kom en samt hafi margt komið henni á óvart. Hún nefnir sérstaklega hversu breytilegt veðrið var allan ársins hring.

Það er langt ferli að koma sér fyrir og aðlagast í nýju landi og Jeimmy segir því ferli alls ekki lokið. „Fyrsta árið var mjög erfitt, en maður kynnist svo miklu og svo mörgum. Ég fékk ótrúlega mikinn stuðning og allir reyndu að hjálpa og veita mér upplýsingar.“

Jeimmy segist ekki hafa fundið fyrir fordómum í sinn garð. „Sumir eru feimnir. Flestir eru allt annað en fordómfullir. Eru

forvitnir og vilja fá að vita meira um mig.“ Þó að hún hafi ekki orðið fyrir fordómum sjálf hefur hún þó heyrt út undan sér um fólk sem ekki vilji fleiri útlendinga til Íslands. Hún telur það að sumu leyti skiljanlegt vegna þess að landið sé svo lítið.

Urðu strax vinkonur

Rauði krossinn útvegar þrjár til fjórar stuðningsfjölskyldur fyrir hverja flóttamannafjölskyldu sem kemur hingað til lands. Stuðningsaðilarnir aðstoða flóttafólk við að fóta sig í íslensku samfélagi og veita félagslegan stuðning. Jeimmy segir stuðningsfjölskyldurnar veita mikla hjálp, hún hafi þar eignast bæði fjölskyldu og vini.

Björg Sigríður Hermannsdóttir var ein þeirra sem ákváðu að gerast stuðningsaðilar þegar von var á hópnum til landsins. Björg og

Jeimmy urðu strax góðar vinkonur. „Mér þótti verkefnið strax spennandi. Ég hafði smá tíma aflögu í hverri viku svo ég taldi mig geta komið þessu að. Svo tala ég líka spænsku og vissi að það myndi nýtast vel,“ segir Björg. Hún segir verkefnið hafa gengið ótrúlega vel og öll fjölskyldan hennar hafi tekið þátt í því með henni. „Það er mjög mikilvægt fyrir fólkíð að læra á umhverfið strax. Stuðningsfjölskyldurnar hjálpa til við að komast inn í samfélagið í byrjun. Svo fer þetta að snúast meira um félagskap og einfaldlega að vera til staðar ef eitthvað hjátar á,“ segir Björg og bætir því við að í mörgum tilvikum þróist samskiptin út í mikla vináttu. „Við kynntumst til dæmis hinum konunum í gegnum Jeimmy og hún kynntist öðrum Íslendingum í gegnum okkur. Þetta eru vinir manns fyrir lífstíð.“



GÓÐAR VINKONUR Jeimmy og Björgu varð strax vel til vana og þrátt fyrir að stuðningsverkefninu sé formlega lokið halda þær áfram góðu sambandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Héldu afmælisveislu

Þegar ár er liðið frá komu flóttafólksins lýkur stuðningsverkefninu formlega. Allar stuðningsfjölskyldur Jeimmyar halda þó enn sambandi við hana. „Fjölskyldurnar mínar halda sambandi við mig og líka hver við aðra. Verkefnið kláraðist í september á síðasta ári og þá átti ég líka afmæli. Þau héldu öll óvænta afmælisveislu fyrir mig heima hjá einni fjölskyldunni. Stuðningurinn og vináttan heldur áfram þótt verkefnið sé búið.“

Íslenskan erfið

Björg og Jeimmy eru sammála um að samvera með stuðningsfjölskyldunum flýttir fyrir og hjálpar fólkinu að læra íslensku. „Ég fer í stór matarboð og um jólin fór ég í fjölskylduböð. Ég er bara hluti af því. Það er frábært að fara í svona boð og kynnst fleira fólki. Það hefur líka verið mjög gott því það hjálpar að hlusta á íslenskuna,“ segir Jeimmy. Björg bætir því við að konurnar og börnin hafi verið fljót að læra íslensku.

Jeimmy segir íslenskuna þó vera erfiða. Allar konurnar fóru strax í íslenskukennslu hjá Mími þar sem þær voru í níu mánuði. Að því loknu fór Jeimmy í Fjölbautaskólann í Ármúla þar sem hún var ánægð. „Næsta haust er ég að hugsa um að fara í íslensku fyrir erlenda stúdenta í háskólanum,“ segir hún. „Mig langar að læra félagsráðgjöf en þarf fyrst að læra íslenskuna.“

Allir læra á verkefninu

„Í okkar löndum er bara töluð spænska. Það er því erfitt að vera að læra bæði íslensku og ensku,

eins og ég gerði í FÁ. Maður verður samt eiginlega að kunna bæði tungumálin til að vera á Íslandi,“ segir Jeimmy. Hún segist þó vera betri í íslensku en ensku.

Björg hefur líka lært mikið því hún hefur getað æft spænskuna sína í samræðum við Jeimmy og hinar konurnar.

Hún segist hiklaust mæla með þátttöku í verkefnum sem þessum. „Það geta allir tekið þátt, sama hvort þeir tala spænsku eða íslensku og sama á hvaða aldri þeir eru. Hver og einn gerir bara það sem hentar honum. Þess vegna er svo gott að hafa nokkrar stuðningsfjölskyldur og sem fjölbreyttastan hóp. Það getur enginn einn séð um allt, þess vegna er mikilvægt að fá fólk á öllum aldri sem hefur áhuga á mismunandi hlutum.“

Ég lærði ekki síður af þessu. Það er gott fyrir mann að tala við fólk sem hefur svona ólíkan bakgrunn. Maður fær kannski þínulitla innsýn inn í það hvernig það er að þurfa að flýja land og setjast að á nýjum stað,“ segir Björg.

Þakklát fyrir fágætt tækifæri

„Hjálpin sem ég hef fengið er mjög sérstök. Þetta er tækifæri sem fáir í minni stöðu fá, tækifæri til að fara í skóla og mennta mig. Líf Íslendinga er svo allt öðruvísi en lífið sem ég þekkti. Hér eru mikil tækifæri til að ná langt í lífinu. Ég er svo þakklát fyrir alla hjálpa sem ég hef fengið og allt sem hefur verið gert fyrir okkur,“ segir Jeimmy. „Besta leiðin til að sýna þakklæti okkar er að læra íslenskuna, fara í nám og sýna okkar bestu hliðar.“

Bjóða í mat og aðstoða börnin við heimanám

Karen H. Theodórsdóttir er verkefnastjóri hjá Reykjavíkurbænum Rauða krossinum og hefur umsjón með stuðningsaðilakerfinu. Von er á nýjum hópi kólumbískra flóttamanna um miðjan september.

„Við reynum að finna þrjár til fjórar fjölskyldur í kringum hverja flóttamannafjölskyldu. Við höfum reynt að fá fólk á öllum aldri, bæði fjölskyldur og einstaklinga. Svo eru sumir sem tala spænsku og aðrir ekki. Það er allur gangur á þessu, allir hafa eitthvað að gefa,“ segir Karen. Fyrsta verk sjálfboðaliða felst í undirbúningi. „Allir sjálfboðaliðar fara á undirbúningsnámskeið



KAREN H. THEODÓRSDÓTTIR

og þeir fá líka námskeið í sálrænni skyndihjálp áður en þeir hefja störf.“ En undirbúningurinn felst í fleira. Þegar íbúðir flóttafólksins eru tilbúnar eru það sjálfboðaliðar sem mæta á staðinn og koma þeim í stand. „Húsgögnum er komið fyrir í íbúðunum svo fólk sé ekki að byrja alveg frá byrjun.“

Stuðningsverkefnið stendur opinberlega yfir í ár frá komu.

Fyrstu vikunnar snýst stuðningurinn aðallega um hagnýt atriði sem allir þurfa að vita þegar þeir koma í nýtt land. Hvar sé ódýrast að versla, hvar megi finna þjónustu og skóla og hvernig strætisvagnakerfið virkar, svo dæmi séu nefnd.

„Svo þegar frá líður er þetta meira félagslegur og sálrænn stuðningur. Þetta gefur flóttafólkinu tækifæri á að mynda félagsleg tengsl og kynnast fleiri Íslendingum í gegnum stuðningsfjölskyldurnar. Þetta kemur í veg fyrir félagslega einangrun. Það er hugmyndafræðin á bak við þetta.“ Karen segir mjög misjafnt hvað fólk geri og í hverju hjálpin

er fólgin. „Fólk heldur matarboð og fer á kaffihús. Svo aðstoða sumir við heimanám barnanna og íslenskukennsluna sem allar konurnar fá.“ Börnin sem eru á grunnskólaaldri fara öll í sína hverfisskóla. „Þau fara í skóla um leið og þau koma. Þeim er svolítið hent út í djúpu laugina en oftast eru þetta svo duglegir krakkar. Þau eru fljót að ná að fóta sig.“

Stuðningsaðilakerfi eins og hér er starfrækt hefur ekki verið notað annars staðar í heiminum, í það minnsta enn sem komið er. „Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur þó verið að líta til þessa verkefnis og hversu vel þetta hefur gengið. Þar er íhugað

að prófa þetta annars staðar. Það hefur sýnt sig að verkefnið hefur áhrif.“

Karen segir verkefnið mæta mikilli velvild og fjöldi fyrirtækja veiti mikla aðstoð. „Mér finnst rosalega gaman að fylgjast með þessari samvinnu á milli svona margra aðila. Fyrirtækin og sjálfboðaliðar hjálpa og svo er þetta samstarfsverkefni ríkisins, sveitarfélagsins og Rauða krossins.“

„Svo má ekki gleyma því að verkefnið gagnast ekki bara flóttafólkinu. Stuðningsaðilarnir fá mikið á móti; kynnast nýju fólk og nýjum menningarheimi.“

→ KÓLUMBÍA

Landið heitir Lýðveldið Kólumbía.



■ Höfuðborg landsins er Bogotá.

■ Fólksfjöldi er tæplega 44,5 milljónir.

■ Álvaro Uribe Vélez er forseti landsins en einnig forsætisráðherra.

■ Flestir Kólumbíumenn eru kabólskrar trúar.

■ Rúmlega helmingur Kólumbíumanna býr undir fátæktarmörkum.

■ Stærstur hluti kókaíns í heiminum er framleiddur í Kólumbíu. Talið er að 163.300 hektarar lands séu undirlagðir ræktun.

■ Árið 2005 voru 18.111 manns myrtir í Kólumbíu og 800 var rænt.

Vopnuð átök í tugi ára

Atli Viðar Thorstensen er verkefnastjóri hjá Rauða krossinum og hefur umsjón með verkefnum tengdum hælisleitendum og flóttamönnum. „Í Kólumbíu hafa verið vopnuð átök í meira en 40 ár sem eru mjög flókin. Þar berjast vopnaðar fylkingar skæruliða sín á milli og við stjórnarherinn. Óbreyttir borgarar lenda þá oft inni í miðjum átökum. Hóparnir geta verið tengdir eiturlyfjaviðskiptum og smygli,“ segir Atli. Átökin eru fjármögnuð að hluta með eiturlyfjaviðskiptum og hóparnir geta haft hagsmuni af því að átökin haldi áfram. „Þarna eru allir að berjast á móti öllum. Hóparnir innheimta stríðsskatt af fólk og ef það borgar ekki getur það verið ofsótt. Stundum telja hópar einhverja hjálpa andstæðingunum og getur einnig lent í ofsóknum þess vegna. Svo koma hóparnir á bæi fólks og heimta mat, drykk og gistingu. Ef ekki er orðið við því er hætta á ofsóknum.“



Í dag er talið að um tvær til þrjár milljónir manna hafi flúið heimili sín og séu flóttamenn innan eigin lands. „Svo eru tugþúsundir sem hafa farið til nærliggjandi landa. Þar er fólk þó ekki óhult vegna nálægðar við skæruliðana og vegna fordóma sem það verður fyrir. Það eru sérstaklega einstæðar mæður sem verða fyrir þessum fordómum.“ Á þetta bætist að mikil fátækt er í sumum nágrennaríkjunum.

„Við höfum oft einhverja ákveðna ímynd af flóttafólki en það er oftast venjulegt fólk sem hefur lent í óvenjulegum aðstæðum.“

Leikandi í GOGGINN

GOTT

Klikkaður í Cocoa Puffs!





ROGER RAKARI Herra-klipping hjá Roger kostar tæpar tíu íslenskar krónur.

YFIRMAÐUR FLÓTTAMANNABSTOÐAR SP Í MALAVÍ

Haji Jama Abdulkadir ræðir við flóttamenn í Luwani um yfirvofandi flutning til Dzaleka. Greinilegt var að fólkíð hafði áhyggjur af flutningunum, enda hætt við að prengslin verði mikil.

HÁVÆR OG HRAUST
Börn flóttamanna eru gjarnan meðal öflugustu nemendanna og virðast erfa skapgerð og gáfur frá foreldrum sínum. Það krefst hugrekks og hugvits að rífa sig upp með rötum og halda á vit óvissunnar í ókunnunni landi.



BJÓRDRYKKJA UM HÁBJARTAN DAG
Karlarnir í Dzaleka sitja í skugganum, drekka heimabruugg og spjalla meðan konurnar vinna.



Venjulegt afrískt þorp

Tilhugsun um flóttamannabúðir kallar ákveðnar ímyndir fram í hugann; tjaldbúðir umkringdar gaddavírsgirðingum, þar sem íbúarnir sitja sárþjádír, sveltandi og iðjulausir. Í Malaví er raunveruleikinn annar. Búðirnar eru eins og venjuleg malavísk þorp; með mörkuðum, verslunum, börum, brugghúsum og fótoltavöllum. *Jón Skaftason* heimsótti flóttamannabúðir í Dzaleka og Luwani, skömmu áður en búðirnar tvær voru sameinaðar.

Í Afríkúríkinu Malaví hafa lengi verið tvennar flóttamannabúðir; Dzaleka-búðirnar, inni í miðju landi í útjaðri höfuðborgarinnar Lilongwe, og Luwani-búðirnar, í suðurhluta landsins rétt við landamærin að Mósambík. Í landinu öllu eru nú um 9.500 flóttamenn; 5.500 í Dzaleka og um 2.800 í Luwani. Tólf hundruð flóttamenn hafa fengið leyfi til að starfa og lifa í borgum og bæjum Malaví, hinir fá ekki að fara út fyrir búðirnar nema að fengnu tímabundnu og skriflegu leyfi yfirvalda.

Ríkisstjórn Malaví hefur löngum kvartað undan því að flóttamennirnir í Luwani noti búðirnar einungis sem áfanga á leið sinni til fyrirheitna landsins; Suður-Afríku. Flóttamennirnir biðji um hæli, staldri í viku eða svo, borði og byggi sig upp og stingi síðan af til Mósambík. Til að ráða niðurlögum vandans ákvað stjórnin að flytja alla íbúa Luwani til Dzaleka. Fyrstu íbúarnir voru fluttir nú í lok júní og er áætlað að flutningunum verði lokið nú síðsumars. Hætt er við að þröngt megi sáttr sitja þegar til Dzaleka kemur.

Haji Jama Abdulkadir er yfirmaður Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna í Malaví. Abdulkadir er eþíópískur múslimi, og hefur farið pílgrímsför til Mekka eins og nafnið Haji

gefur til kynna. Hann er kominn vel á sextugsaldurinn, margreyndur í bransanum og hefur meðal annars dvalið langdvölum í Írak og í Afganistan.

Við Abdulkadir urðum samferða á leiðinni til Luwani, um miðjan júní, skömmu áður en fyrstu íbúarnir voru fluttir til Dzaleka. Abdulkadir var áhyggjullur. „Við höfum mestar áhyggjur af því að ónógur tími gefist til að undirbúa Dzaleka-búðirnar undir komu fólksins. Okkur skortir peninga og mannskap til að kaupa mat og veita fólkinu húsa-skjól.“

Abdulkadir er sanntúaður múslimi og segir trúna hjálpa sér gríðarlega í sínu erfiða starfi. Meðan á dvölinni í Afganistan stóð, segist hann oft hafa orðið skelkaður þegar skothríðin og sprengjadrurnar gerðust hvað hávæstar „Trúin hjálpar mér. Ég hræðist ekki dauðann. Minn tími kemur þegar hann kemur.“

Líflegt götulíf

Flóttamannabúðirnar í Malaví eru allsendis ólíkar þeim sem við sjáum í kvikmyndunum. Dzaleka er raunar eins og dæmigert malavískt þorp; meðfram aðalgötunni eru verslanir, markaðir og líflegt götulíf. Í búðunum eru meira að segja brugghús, barir, frumstæðir fótoltavellir og sérstök sjónvarpsherbergi, þar sem tugir

manna safnast saman til að horfa á suðurafriðskar sápuóperur af pínulitlum skjám.

Flóttamennirnir koma víða að; frá Rúanda, Búrúndí, Eþíópíu, Eritreu og Kongó. Flestir flúðu átök í heimalandinu, sumir hafa búið í búðunum í rúmlega áratug. Yngri kynslóðin þekkir ekkert annað.

Roger er rakari og kemur frá Búrúndí. Herra-klipping hjá Roger kostar tuttugu malavíska kvatsa, eða tæplega tíu íslenskar krónur. Roger segist þéna tvö hundruð kvatsa á dag, helmingurinn fari hins vegar í að greiða fyrir rafmagnið, sem hann fær úr sjúskúðum, ævafornum rafgeymi. „Við höfum það svo sem ágætt. Við klárum samt alltaf matarskammtana löngu fyrir mánaðamót og verðum að bjarga okkur sjálf eftir það.“

Roger segist hafa verið mikill sundgarpur á sínum yngri árum í Búrúndí. Hann hafi hins vegar ekkert getað synt eftir að hann kom til Malaví. „Ég synti alltaf í á sem rann gegnum heimabæ minn. Hér er hins vegar engin á til að synda í.“ Blaðamaður kaupir klippingu af Roger, en lætur ógert að setjast í stólinn.

Hið fyrsta sem vekur athygli þegar komið er inn í Dzaleka er gríðarlegur fjöldi barna á öllum aldri. Börnin eru hreinlega alls staðar, og hafa gríðarlega hátt.

Strákarnir spila fótbolta í stórum hópum, en stelpurnar eru öllu hógværi. Um leið og hvíti maðurinn kemur á svæðið, virðist hins vegar allt ætla um koll að keyra, „Nzungu, nzungu (hvítur maður, hvítur maður)“, hrópa þau og sífellt fleiri trekkir að. Meðal yngri kynslóðarinnar þykir hvítur maður gríðarlega merkilegt fyrirbæri, enda sjaldséðir. Ekki spillir síðan fyrir að geta spilað smá fótbolta við krakkaskarann.

Börnin eru hraustleg. Þau ganga í skóla í búðunum, ásamt malavískum börnum úr nágrenninu, og standa sig oftast en ekki gríðarlega vel. Undantekningarlaust eru flóttamannabörnin meðal öflugustu nemendanna. Börnin virðast erfa skapgerðina og gáfurnar frá foreldrum sínum. Það þarf hugrekki og hugvit til að rífa sig upp með rötum og halda á vit óvissunnar í ókunnunni landi.

Áfengisneysla og iðjuleysi

Annað sem vekur athygli er verkskipting milli kynjanna. Karlarnir sitja flestir í skugganum, með bjór eða heimabruugg í hönd meðan konurnar vinna; sjá um börnin, bera vatnið og sjóða grautinn. Það er hörkustuð á körlunum, þeir drekka stíft, spila háværa afríska tónlist, gefa sig frekar á tal við aðkomumenn og vilja endilega láta taka mynd af sér. Erfiðara er hins vegar að nálgast konurnar, þær hafa

líklega nóg á sinni könnu.

Cecilia Banda, starfsmaður Rauða krossins í búðunum, er ekki viss um að flutningarnir eigi eftir að reynast heillaspor. Hlutfall HIV- eða alnæmissmitaðra er tilförlulega lágt í Dzaleka; fjögur prósent, samanborið við allt að tuttugu prósent á landsvísi. „Við eigum eftir að sjá aukna smittíðni. Síðan hef ég miklar áhyggjur af því að ofbeldi gagnvart konum aukist.“

Cecilia segir aðstöðu til að taka á móti svo mörgum sé einfaldlega ekki fyrir hendi. Hún hefur líka sterkar skoðanir á því hvernig bæta megi samlífið í búðunum og segir: „Flest mannréttindabrot sem hér eru framin má rekja til áfengis- eða fíkniefnaneyslu. Ofneysla vímu-gjafa og skortur á atvinnu eru okkar stærstu vandamál og raunar ekki óskyld. Iðjulaust fólk sækir frekar í vímu-gjafa.“

Hún tekur þó fram að ýmislegt sé gert til að ráða bug á þessum samfélagsmeinum. Í búðunum séu knattspyrnu- og körfuknattleikslíð, auk þess sem íbúarnir hafi haft frumkvæði að stofnun sérstakrar nefndar til að rétta hlut kvenna. „Nefndin hefur aðstoðað konur við að setja á laggirnar fyrirtæki. Til að mynda opnuðu nokkrar vaskar konur veitingastað hér í búðunum ekki alls fyrir löngu.“



Sérfræðingur óskast

Umhverfisstofnun óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa á framkvæmda- og eftirlitssvið stofnunarinnar

Starfið felst m.a. í eftirfarandi verkefnum:

- Gagnasöfnun og úrvinnsla vegna útstreymis men gandi efna í andrúmsloft
- Skýrslugerð og framsetning gagna
- Vinnu við gagnagrunna og skil á gögnum vegna alþjóðlegra skuldbindinga

Hluti starfsins snýr að fræðslumálum og samskiptum við fyrirtæki og innlendir og erlendar stofnanir einkum á Norðurlöndum og á Evrópska efnahagssvæðinu (EES)

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Framhaldsmenntun á sviði raunvísinda eða verkfræði
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði
- Starfsreynsla á sviði umhverfismála og reynsla af notkun gagnagrunna
- Færni í a.m.k. einu Norðurlandamáli er nauðsynleg
- Samstarfshæfni og færni í framkomu
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna.

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknum með upplýsingum um menntun og fyrri störf skal skilað til Umhverfisstofnunar fyrir 17. ágúst 2007.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Jensson, forstöðumaður framkvæmda- og eftirlitssviðs í síma 591-2000 eða netfanginu helgij@ust.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Við ráðningar í störf við Umhverfisstofnun er tekið mið af jafnræðisstefnu stofnunarinnar.

Boðið er upp á vinnustað skipaðan sérfræðingum á sviði umhverfismála á mjög breiðum grunni. Nýr sérfræðingur mun, ásamt öðrum starfsmönnum stofnunarinnar, taka þátt í endurskoðun á starfsemi Umhverfisstofnunar með það að markmiði að gera góða stofnun enn betri í þágu umhverfismála á landsvísi.

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík
Sími 591 2000

Hlutverk Umhverfisstofnunar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neytluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Starfsemi Umhverfisstofnunar skiptist í 6 svið. Sjá nánar: www.ust.is



Félagssráðgjafi

Staða félagssráðgjafa við Sjúkrahúsið Vog er laus til umsóknar.

Nánari upplýsingar veitir forstöðulæknir á staðnum eða í síma 824 7600. Umsóknir sendist SÁÁ Stórhöfða 45, 110 Reykjavík merktar "félagssráðgjafi".



SECURITY AND DETECTION GUARD

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security and Detection Guard. The closing date for this position is August 12, 2007. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:

<http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>



REYKJANESBÆR

Tjarnargötu 12 • Póstfang 230 • Sími: 421 6700 • Fax: 421 4667 • reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ REYKJANESBÆJAR AUGLÝSIR EFTIR TÆKNIMANNI

Byggingar-, byggingartækni- eða byggingarverkfræðingur óskast til starfa hjá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjanesbæjar.

Viðkomandi skal uppfylla skilyrði 48. og 49. greinar Skipulags- og byggingarlaga.

Helstu verkefni felast í samskiptum við Fasteignamat ríkisins, Skipulagsstofnun, húsbyggjendur og byggingarverktaka. Starfsmaður mun sinna störfum byggingarfulltrúa í fjarveru hans. Æskilegt er 2 - 3 ára reynsla í sambærilegu starfi.

Laun skv. kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og Launanefndar Sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar veitir starfsþróunarstjóri, Helga Jóhanna Oddsdóttir í síma 421 6700 eða í tölvupósti helga.j.oddsdottir@reykjanesbaer.is.

Umsóknir skulu berast starfsþróunarstjóra, Tjarnargötu 12, 230, Reykjanesbæ eigi síðar en miðvikudaginn 15. ágúst nk. merktar „Tæknimaður“.

Starfsþróunarstjóri.



Umhverfis- og skipulagssvið

... reykjanesbaer.is

Íþróttadeild Fréttablaðsins óskar eftir íþróttafréttamanni í fullt starf. Viðkomandi þarf að hafa mikinn áhuga og þekkingu á íþróttum. hafa gott vald á íslenskri tungu og vera vel ritfær. Æskilegt er að viðkomandi sé hugmyndaríkur, drífandi og eigi auðvelt með að starfa í hópi.

Nánari upplýsingar veitir Henry Birgir Gunnarsson, íþróttastjóri Fréttablaðsins. Umsóknir sendist á henry@frettabladid.is. Umsóknarfrestur rennur út 31. júlí n.k.

DRAUMASTARF ÍÞRÓTTA- ÁHUGAMANNINS

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið sem starfar á íslenskum markaði.

GARÐABÆR, BÆR TÆKIFÆRA

VILTU EFLA HÆFNI ÞÍNA Í GÓÐUM HÓPI?

Garðabær auglýsir eftir starfsfólki til fjölbreyttra starfa í stofnunum bæjarins. Leitað er að fólki með þjónustulund og gott viðmót í störf með Garðbæingum á öllum aldri.

Í starfsmannastefnu Garðabæjar er sett fram það markmið að ráða hæft og áhugasamt starfsfólk og efla það í starfi. Lögð er áhersla á góða vinnuaðstöðu, fræðslu og endurmenntun og að auðvelda starfsfólki að samræma fjölskylduábyrgð og starf.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Garðabæjar eru karlar jafnt sem konur hvattar til þess að sækja um laus störf. Bent er á forgang fatlaðra til starfa hjá sveitarfélögum skv. 32. gr. laga nr. 59/1992. Eftirlaunaþegar eru boðnir velkomnir til starfa.

Vinnustaðanam í íslensku verður í boði fyrir starfsfólk með erlent móðurmál.

Óskað er eftir starfsfólki sem kostar kapps um að veita góða þjónustu í eftirfarandi stofnanir:

Leikskólinn Bæjarból s: 565 6470
Leikskólinn Hæðarból s: 565 7670
Leikskólinn Lundaból s: 565 6176
Leikskólinn Kirkjuból s: 565 6322

Flataskóli s: 565 8560
Hofsstaðaskóli s: 565 7033
Garðaskóli s: 590 2500
Sjálundsskóli s: 590 3100

Tómstundaheimili Flataskóla s: 565 8560 / 525 8500
Tómstundaheimili Hofsstaðaskóla s: 565 7033 / 525 8500
Tómstundaheimili Sjálundsskóla s: 590 3100 / 525 8500

Tónlistarskóli Garðabæjar s: 540 8500

Íþróttahúsið Ásgarður s: 565 8044
Íþróttahúsið Mýrin s: 517 6600

Heimaþjónusta s: 525 8500

Þjónustumiðstöð s: 565 8532

Upplýsingar veita forstöðumenn viðkomandi stofnana. Einnig er hægt að leita upplýsinga á bæjarskrifstofum Garðabæjar í síma 525 8500 og sækja um á vef Garðabæjar www.gardabaer.is

Laun eru samkvæmt samningum Launanevndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.



GARÐABÆR - TOWN OF OPPORTUNITIES

The municipality of Gardabær is looking for new employees for diverse jobs in the town's administrative divisions. We are looking for service-minded people with a positive attitude to work with inhabitants of all age groups in Gardabær.

The Gardabær personnel policy sets forth a goal of hiring qualified and interested people, and developing their careers. Gardabær emphasises a good working environment, training and continuing education, including a flexible approach to family responsibilities and work.

In accordance with the Gardabær equal opportunities policy, both men and women are encouraged to apply for vacant positions. We welcome pensioners who want to work for Gardabær.

On-the-job Icelandic language courses will be offered to any employees having a foreign mother language. Courses regarding Icelandic society, as well as the principal rights and obligations of those who live in Iceland will also be offered.

We are looking for new employees wanting to provide good service for the following administrative unit:

Bæjarból kindergarten - tel.: 565 6470
Hæðarból kindergarten - tel.: 565 7670
Lundaból kindergarten - tel.: 565 6176
Kirkjuból kindergarten - tel.: 565 6322

Flataskóli School - tel.: 565 8560
Hofsstaðaskóli School - tel.: 565 7033
Garðaskóli School - tel.: 590 2500
Sjálundsskóli School - tel.: 590 3100

Flataskóli School recreation centre - tel.: 565 8560 / 525 8500
Hofsstaðaskóli School recreation centre - tel.: 565 7033 / 525 8500
Sjálundsskóli School recreation centre - tel.: 590 3100 / 525 8500

Gardabær Music School - tel.: 540 8500

Ásgarður gymnasium - tel.: 565 8044
Mýrin gymnasium - tel.: 517 6600

Domestic Service - tel.: 525 8500

Service Centre - tel.: 565 8532

The head administrator of each unit will provide further information. You may also obtain information from Gardabær Town Hall by calling 525-8500, and send applications via the Gardabær webpage www.gardabaer.is

Wages will be according to agreements between the Municipal Wage Committee and the respective trade unions.

Auglýst er eftir umbrotsmanni á Fréttablaðið, sem er lífandi og skemmtilegur vinnustaður. Umsækjandi þarf að hafa góða kunnáttu á InDesign, vera vanur umbroti og geta unnið vel undir álagi. Um vaktavinnu er að ræða.

Umsóknir skulu sendar til Kolbrúnar Ingibergsdóttur, framleiðslustjóra á kolbrun@frettabladid.is. Öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknarfrestur er til 1. ágúst næstkomandi.

SETTU ÞITT MARK Á FRÉTTABLAÐIÐ

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið sem starfar á íslenskum markaði.

Grunnskóli Seltjarnarness Mýrarhúsaskóli – Valhúsaskóli

Laus eru til umsóknar eftirfarandi störf

- **Húsvörður** Starf húsvörðar krefst sjálfstæðra vinnubragðra og að viðkomandi eigi auðvelt með að starfa í tengslum við börn og unglinga.
- **Skólalíðar** óskast til starfa með samhentum hópi á líflægum vinnustað.

Nánari upplýsingar:
Hafsteinn Jónsson, umsjónarmaður
fasteigna, sími 5959 200 eða 822-9120.
og Sigfús Grétarsson, skólastjóri,
sigfus@seltjarnarnes.is

Umsóknum skal skila til:
Sigfúsar Grétarssonar, skólastjóra.

Á Seltjarnarnesi eru um 640 nemendur í heildstæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur starfstöðvum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og Valhúsa-skóla fyrir nemendur í 7. - 10. bekk.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags.

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa

www.grunnskoli.is



800 7000 - siminn.is

Síminn óskar eftir kraftmiklu og framtakssömu fólki til að sinna starfi þjónustufulltrúa í þjónustuveri Símans. Í starfinu felst að aðstoða viðskiptavinum símlíðis vegna bilana og tæknilegra mála.

Viðkomandi einstaklingar þurfa að vera stundvísir, hafa frumkvæði og vinna sjálfstætt, eiga gott með að starfa í hópi, hafa metnað til að gera vel í starfi og vera opnir fyrir nýjungum.

Góð tölvuþekking er skilyrði og reynsla af þjónustustörfum er æskileg.

Við leitum að fólki í fullt starf, 20 ára eða eldra. Viðkomandi verða að geta hafið störf sem fyrst. Sveigjanlegur vinnutími er í boði.

Umsóknarfrestur er til 12. ágúst.

Upplýsingar í síma 550 6470 frá kl. 14-16 alla virka daga. Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar.

Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, www.siminn.is

Gildi Símans eru fimm: traust, heilindi, lipurð, einfaldleiki og eldmóður. Starfsmenn Símans hafa þessi gildi að leiðarljósi í öllum störfum sínum.

Spennandi störf í boði hjá Eimskip

Eimskip er alþjóðlegt flutningafyrirtæki með starfsemi um allan heim.

Þjónustunet fyrirtækisins teygir sig um Evrópu, N-Ameríku, S-Ameríku og Asíu.

- 10.000 starfsmenn
- 200 skrifstofur í 31 landi
- 50 skip
- 2000 flutningabílar og tengivagnar
- 100 kæli- og frystigeymslur

Eimskip býður starfsfólki sínu upp á spennandi og fjölbreytt vinnuumhverfi.

Eimskip leitar að kraftmiklu fólki til framtíðarstarfa. Um er að ræða störf við útkeyrslu, á vöruhótelum og tækjastjórn. Við bjóðum fjölbreytt verkefni hjá traustu fyrirtæki og hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfin.

BÍLSTJÓRAR

Vegna aukinna verkefna í dreifingu innanbæjar vantar bílstjóra til starfa. Starfið krefst meiraprófs en Eimskip er tilbúið að standa straum af kostnaði vegna próftöku. Einnig vantar fólk með bílpróf í innanbæjardreifingu á kvöldin.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Bílpróf
- Rík þjónustulund

VÖRUHÓTEL

Menntunar- og hæfniskröfur

- Lyftararéttindi æskileg
- Enskukunnátta æskileg
- Góð þjónustulund og jákvæðni

TÆKJASTJÓRAR Í SUNDAHÖFN

Menntunar- og hæfniskröfur

- Vinnuvélaréttindi eru skilyrði
- Íslenskukunnátta nauðsynleg
- Rík ábyrgðarkennd
- Nauðsynlegt að geta unnið undir álagi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsækjendur verða að vera orðnir 18 ára og með hreint sakavottorð. Umsjón með ráðningunni hefur Heiða Aðalsteinsdóttir, had@eimskip.is. Tekið er á móti umsóknum á heimasíðu Eimskips, www.eimskip.is, til og með 7. ágúst.

www.birtingur.is

SAGAN ÖLL

GOLF
BLAÐIÐ

MANNLÍF

Nýtt Líf

Gestgjafinn

HÚS
OG HÍBYLU

Ísafold

VÍKAN

SÉÐ OG HEYRT

HLUTASTARF

Birtingur útgáfufélag leitar að öflugum sölufulltrúum í úthringiverkefni á kvöldin. Starfið er hlutastarf og hentar því einkar vel með skóla.

Starfslýsing:

Vinnutíminn er frá 18.00 - 22.00 og reiknað er með að sölufulltrúar vinni 2-5 kvöld í viku eftir hentugleika hvers og eins. Góð vinnuaðstaða og frábærir tekjumöguleikar.

Nánari upplýsingar fást hjá Ingu Huld Hermóðsdóttur, starfsmannastjóra í síma 515 5500 eða í tölvupósti ingahuld@birtingur.is

BIRTÍNGUR
ÚTGÁFUFEÐLAG

NÝSKÖPUNARMÍÐSTÖÐ ÍSLANDS mun taka til starfa 1. ágúst næstkomandi. Hlutverk hennar er að hvetja til nýsköpunar og styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs með því að stunda tæknirannsóknir, miðla þekkingu og veita stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla og sprota- og nýsköpunarfyrirtæki.

IMPRA er hluti Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Impra veitir upplýsingar og stuðning í tengslum við viðskiptahugmyndir og stofnun og rekstur fyrirtækja. Á vegum Impru er rekinn fjöldi verkefna með áherslu á nýsköpun, þekkingu og uppbyggingu frumkvöðlastarfs.

Í FARARBRÖDDI TIL FRAMTÍÐAR

Áhugaverð störf í boði fyrir fólk með framtíðarsýn

Vegna opunar starfsstöðvar á Ísafirði auglýsir
Impra eftir tveimur verkefnisstjórum

Starfssvið

Umsjón með framkvæmd, þróun og eftirfylgni verkefna og fræðslustarfs. Handleiðsla í tengslum við stofnun og rekstur lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta, stjórnunar eða á sambærilegu sviði
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Þekking og reynsla af íslensku atvinnulífi
- Lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Frumkvæði og dugnaður
- Færni í töluðu og rituðu máli
- Færni í ensku og einu Norðurlandamáli

Upplýsingar um starfið veitir Berglind Hallgrímsdóttir, framkvæmdastjóri Impru. Fyrirspurnum má beina á netfangið berglindeh@iti.is

Óskað er eftir umsóknum frá konum jafnt sem körlum. Umsóknum skal skila fyrir 15. ágúst til Hallfríðar Benediktsdóttur, upplýsingafulltrúa Impru, á netfangið hallfridurb@iti.is

Hinn og harf / SIA / 9070979



impra

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Keldnaholti • 112 Reykjavík • Sími 570 7100 • Fax 570 7111 • www.impra.is
Borgum við Norðurlóð • 600 Akureyri • Sími 460 7970 • Fax 460 7971 • www.impra.is



Vantar strax: 2 grafíska hönnuði 1 ljósvakahönnuð 1 verkefnastjóra

Umsækjendur sendi ferilskrá á netfangið umsokn@pipar.is eða með pósti merktar „Valgeir Magnússon“ fyrir 7. ágúst.
100% trúnaði heitið.

STARFSLÝSING - GRAFÍSKIR HÖNNUÐIR

- Hönnun og umsjón með auglýsingum
- Gerð auglýsingaefnis, bæklinga og markpósts
- Hugmyndavinna og þátttaka í auglýsinga- og markaðsferðum
- Þátttaka í stefnumótun og vörumerkjaámynd
- Hönnun fyrir vef og grafíkvinna fyrir sjónvarp

STARFSLÝSING - LJÓSVAKAHÖNNUÐUR

- Framleiðsla, klipping og hljóðvinnsla á auglýsingum fyrir útvarp og sjónvarp
- Hönnun og samsetning á margmiðlunarefni
- Hugmyndavinna og þátttaka í auglýsinga- og markaðsferðum
- Leikstjórn og framleiðsla

STARFSLÝSING - VERKEFNASTJÓRI

- Umsjón með verkefnaflæði
- Samskipti við viðskiptavinum
- Verkefnaumsjón
- Hugmyndavinna og þátttaka í auglýsinga- og markaðsferðum
- Þátttaka í stefnumótun og vörumerkjaámynd

HÆFNISKRÖFUR - ALLIR

- Háskólapróf eða sambærileg menntun
- Starfsreynsla er nauðsynleg
- Frumkvæði, metnaður, fjölbærni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Að geta haft mörg járn í eldinum samtímis

Hjá Pipar auglýsingastofu starfa sérfræðingar á sviði sjónvarps- og útvarpsauglýsinga, almannatengsla, prenthönnunar, vefhönnunar, markaðsráðgjafar, viðburðastjórnunar ásamt birtingaþjónustu í samvinnu við Auglýsingamiðlun ehf. Stofan tekur jafnt að sér heildræna sem afmarkaða þjónustu, allt eftir eðli viðskiptavina og verkefna. Stofan starfar mikið að alþjóðlegum verkefnum og hefur innanborðs starfsfólk frá mörgum þjóðlöndum. Breidd þeirrar þjónustu sem stofan veitir er þess vegna með því besta sem gerist á auglýsingamarkaðnum.

PIPAR

Pipar auglýsingastofa
Tryggvagötu 17 / Hafnarhúsinu / 101 Reykjavík
sími 552 9900 / www.pipar.is

S N Y R T I S T O F A N
salon ritz
 LAUGAVEGI 66 • SÍMAPANTANIR: 552 2460

Salon Ritz leitar eftir nema á samning sem getur hafið störf í haust.

Hringdu núna í s. 895 9824 eða sendu á salonritz@internet.is



Laust starf hjá Ferðaskrifstofunni Atlantik

Starfsmaður í hvataferðadeild

Um er að ræða starf við úrvinnslu, undirbúning og framkvæmd hópa, bókanir og almenn verkefni á skrifstofunni. Við erum að leita að starfsmanni með mjög góða tungumálakunnáttu, einkum í ensku bæði talaðri og ritaðri. Starfsmaðurinn þarf að búa yfir eldmóði og metnaði í öllu því sem tekist er á hendur. Viðkomandi þarf einnig að geta unnið vel undir álagi, hafa góða skipulagshæfileika og mikla þjónustulund. Starfsmaðurinn þarf að geta unnið langan vinnudag og yfirvinnu á álagstímum. Menntun á sviði ferðaþjónustu eða önnur menntun á háskólastigi er æskileg. Mikill kostur væri ef viðkomandi hefði einnig IATA/UFTA réttindi.

Hjá Atlantik er starfsumhverfið spennandi, sérstaklega fjölbreytt, krefjandi og í sífellri mótun. Í dag starfa 14 manns hjá fyrirtækinu.

Starfsmannastefna Atlantik

Markmið Atlantik er að virkja eldmóð og keppnisanda hjá hæfu, traustu og áhugasömu starfsfólki. Starfsfólk Atlantik sýnir frumkvæði, þjónustulund og tekur virkan þátt í því að efla þjónustu og heildarhag fyrirtækisins með því að skara fram úr en styðja jafnframt hvert við annað og vinna saman.

Skriflegar umsóknir ásamt lífshlaupi berist Fréttablaðinu merkt "atlantik" fyrir 7. ágúst 2007.

Forstöðumaður

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar eftir forstöðumanni á heimili fatlaðs fólks í Garðabæ.

Ábyrgðarsvið:

- Fagleg þjónusta
- Rekstur og starfsmannahald
- Samskipti við aðstandendur og samstarfsaðila
- Áætlanagerðir s.s. rekstrar- og þjónustuáætlun

Menntun og hæfniskröfur:

- Proskapjálfun eða háskólamenntun á sviði félagsvísinda
Kollegi hans hjá FH, Ólafur Jóhannesson, var að vonum brosmildur í leikslok. „Við vorum einum færri stóran hluta leiksins og auðvitað var þetta erfitt fyrir okkur. Mér fannst við betri allan tímann, þrátt fyrir að við værum einum færri og ég er gríðarlega ánægður með liðið. Ég sagði við mína menn í hálfleik að það lið sem er einum færri eldist oft við það og nú væri lag á að snúa þessu þannig. Það tókst, við vorum bara betri í seinni hálfleik þó svo að þeir hafi verið meira með boltann og fengið nokkur hálfæri. Markið okkar kom kannski ekki úr opnu færi heldur en ég er geysilega ánægður með mína menn,” sagði Ólafur vígreifur að leik loknum.

hjalti@frettabladid.is

	3-2	
FH		Keflavík
Kaplaknikavöllur, áhorf.: 1.927 Jóhannes Valgeirss. (7)		

- 0-1 Baldur Sigurðsson (6.)
- 1-1 Sigurvin Ólafsson (8.)
- 2-1 Matthías Vilhjálmsson (20.)
- 2-2 Marco Kotilainen (víti, 41.)
- 3-2 Freyr Bjarnason (73.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12-15 (6-9)
Varin skot	Daði 7 - Bjarki Freyr 3
Horn	6-3
Aukaspyrnur fengnar	13-14
Rangstöður	5-2

FH 4-3-3	KEFLAVÍK 4-3-3
Daði Lárusson 6	Bjarki Freyr Guðm. 4
Guðmundur Sævars. 6	Guðjón Árni Antonius 7
(75. Ásgeir Gunnar -)	Guðmundur Mete 5
Tommy Nielsen 6	Nicolai Jörgensen 5
Sverrir Garðarsson 4	Branislav Milisevic 6
Freyr Bjarnason 8	Baldur Sigurðsson 7
Sigurvin Ólafsson 6	Jónas Guðni Sævarss. 7
Dennis Siim 7	(77. Magnús Þorsteins.-)
Davíð Þór Víðarsson 8	Hallgrímur Jónsson 5
Matthías Guðmunds. 5	(62. Pétur H. Kristj. 6)
*Matthías Vilhjálmss. 8	Marco Kotilainen 5
(83. Atli Guðnason -)	Þórarinn B. Kristjánss. 5
Trygvi Guðmundss. 5	(88. Einar Orrí Einarss.-)
	Guðmundur Steinars. 7
	*Maður leiksins

STAÐAN

Landsbankadeild karla

FH	11	8	2	1	24-12	26
Valur	11	6	3	2	23-14	21
ÍA	11	5	3	3	21-16	18
Keflavík	11	5	3	2	19-15	18
Fylkir	11	4	3	4	11-13	15
Breiðablik	11	3	5	3	15-9	14
Víkingur	11	3	3	5	12-18	12
HK	11	3	2	6	9-22	11
Fram	11	2	2	7	11-18	8
KR	11	1	4	6	9-17	7

SAGA FASTEIGNIR
Hlíðasmára 14 - S. 414 8800
Guðmundur Þórðarson hdl & lögilltur fasteignasal

Opin hús sunnudag og mánudag

Til sölu **tvö 70 fm heilsárshús** á eignarlóðum í **Miðengi í Grímsnesi**. Verð frá **12,9 millj.** fer eftir byggingarstigi. **Opin hús verða sunnudag frá 14 til 15 og mánudag frá 17 til 18.**
Skilti, merkt Saga fasteignir, visar veginn.
Frekari upplýsingar Markús í síma 897 1200
eða á Saga fasteignir sími 414 8800
Saga Fasteignir ehf. - Sími 414 8800 - www.sagafasteignir.is

THE SIMPSONS **STÓRKOSTLEGASTA FJÓLSKYLDA ALLRA TÍMA LOKSINS Í BÍO!**

MOVIE

11. HVER VINNUR!

SMS LEIKUR

HEIMSFUMSÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALÍ 27. JÚLÍ
SENDU SMS JA SMF Á 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA
VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR, TÖLVULEIKR, DVD MYNDR OG MARGT FLÉIRA!



Á LEIÐINI Í STURTU Jóhannes Valgeirsson er hér í þann mund að fara að reka Sverri Garðarsson í sturtu. Sverrir veit upp á sig sökina.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



2-2 Marco Kotilainen skorar hér úr vítaspyrnu og jafnar leikinn undir lok fyrri hálfleiks. Hann sýndi fádæma öryggi af punktinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

HVAR ER BOLTINN MINN? Björgvin Sigurbergsson leitar að bolta sem hann sló í tjörnina við 18. flöt í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



Spenna hjá körlunum fyrir lokadag Íslandsmótsins: Björgvin fór illa að ráði sínu undir lokin

GOLF Björgvin Sigurbergsson er enn í forystu á Íslandsmóttinu í golfi sem lýkur í dag. Björgvin er með tveggja högga forskot á þrjá kylfinga en hann fór illa að ráði sínu á lokaholunni í gær. Þá sló hann í vatn og tapaði tveimur höggum og missti þar með niður gott forskot. Björgvin spilaði á 75 höggum í gær og er samtals á pari vallarins.

Drír kylfingar anda ofan í háls-málið á heimamanninum á tveimur höggum yfir pari. Þetta eru þeir Heiðar Davíð Bragason, Örn Ævar Hjartarson og Ólafur Már Sigurðsson. Hlynur Geir Hjartarson er svo á þremur höggum yfir pari og Björn Guðmundsson, sá sem lék best allra í gær á þremur höggum undir pari, kemur þar á eftir. Birgir Leifur Hafþórsson er svo á sex höggum yfir pari og þarf að sækja verulega á ætli hann sér titilinn.

Heiðar Davíð segir að mikið rok hafi sett svip sinn á mótið. „Þetta hafa verið erfiðir þrjú dagar. Ég heyrði í útvarpinu á leiðinni hingað að veðrið hefði leikið við kylfinga hérna en það er ekki alveg rétt. Það hefur verið strekkingsvindur hérna og þetta hefur verið frekar erfitt. Völlurinn er mikil áskorun fyrir keppendur sem er auðvitað bara frábært,“ sagði Heiðar léttur í dúr.

„Ég hef ekki fengið marga fugla í móttinu enda gerði ég alls ekki ráð fyrir því miðað við hvernig ég

hef verið að slá. Maður er seigur í að redda sér samt. Þetta hefur verið reddingargolf þessa þrjá daga en ég er orðinn vanur því,“ sagði Heiðar sem horfir spenntur til lokahringsins í dag.

„Þetta verður mjög gaman. Það er gaman að við fáum að verða vitni að svona spennandi landsmóti. Ég ætla ekki að breyta neinu. Ég spila bara mitt golf og ef ég spila vel þá get ég alveg unnið þetta eins og hver annar,“ sagði Heiðar.

- hph



BIRGIR LEIFUR Þúttar hér í gær þegar hann lék á 75 höggum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Nína Björk Geirsdóttir hefur þriggja högga forystu:

Sótt að Nínu í dag

GOLF Nína Björk Geirsdóttir hefur þriggja högga forystu í kvennaflokki fyrir lokadaginn á Íslandsmóttinu í golfi. Nína lék ágætt golf í gær, á þremur höggum yfir pari og er samtals á nú höggum yfir

pari Hvaleyrravallarins. Tinna Jóhannsdóttir kemur henni næst á þrettán yfir pari eftir að hafa leikið hringinn í gær á 72 höggum, best allra kvennakylfinganna.

Tinna kvaðst vera nokkuð sátt við hringinn þegar Fréttablaðið ræddi við hana í gær. „Maður er alltaf fúll að fá skolla en þetta var fínt. Þúttin voru farin að ganga betur, það hjálpar auðvitað alltaf helling og það var eiginlega það sem stóð upp úr,“ sagði Tinna sem tók fram að veðrið hefði sett örliðið strik í reikninginn. „Hvaleyrrakið ákvað að sýna sitt rétta andlit.“

Mikil spenna er fyrir lokadaginn en Ragnhildur Sigurðardóttir er aðeins þremur höggum á eftir Tinna. „Ragga er stutt á eftir en þetta verður spennandi. Ég ætla klárlega að þjarma að Nínu á toppnum og ég held að það þýði ekkert annað en að sækja. Ég hef engu að tapa,“ sagði Tinna.

- hph



TINNA Ætlar að sækja til sigurs í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

ÞRIÐJI DAGUR

Meistaraflokkur karla:

Björgvin Sigurbergsson, GK	213 (0)
Heiðar Davíð Bragason, GKJ	215 (+2)
Örn Ævar Hjartarson, GS	215 (+2)
Ólafur Már Sigurðsson, GK	215 (+2)
Hlynur Geir Hjartarson, GK	216 (+3)
Björn Guðmundsson, GA	218 (+5)
Birgir Leifur Hafþórsson, GKG	219 (+6)
Ottó Sigurðsson, GKG	220 (+7)
Davíð Már Vilhjálmsson, GKJ	221 (+8)
Sigurpáll Geir Sveinsson, GKJ	221 (+8)
Kristján Þór Einarsson, GKJ	221 (+8)
Órlygur Helgi Grímsson, GV	222 (+9)
Sigurþór Jónsson, GK	223 (+10)
Haukur Jónsson, GK	223 (+10)
Pétur Freyr Pétursson, GR	224 (+11)
Kjartan Kjartansson, GKG	224 (+11)
Tryggvi Traustason, GSE	224 (+11)
Brynjólfur Sigmarsson, GKG	224 (+11)

Björn Guðmundsson lék best allra í karlaflokki í gær. Björn lék völinn á 68 höggum, þremur undir pari.

Meistaraflokkur kvenna:

Nína Björk Geirsdóttir, GKJ	222 (+9)
Tinna Jóhannsdóttir, GK	226 (+13)
Ragnhildur Sigurðardóttir, GR	229 (+16)
Heiða Guðnadóttir, GS	232 (+19)
Hanna Lilja Sigurðardóttir, GR	234 (+21)
Ragna Björk Ólafsdóttir, GK	234 (+21)
Valdis Þóra Jónsdóttir, GL	237 (+24)
Anna J. Sigurbergsson, GK	237 (+24)
Ingunn Gunnarsdóttir, GKG	239 (+26)
Þórdís Geirsdóttir, GK	244 (+31)

Tinna Jóhannsdóttir átti besta hringinn hjá konunum í gær. Hún lék þá á 72 höggum, einu yfir pari.



VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Miele gæði

Eirvík kynnir sportlínuna frá Miele



Miele

ÞVOTTAVÉL frá kr. 99.900

Gerð	Listaverð	TILBOÐ
Þvottavél W1514	142.714	99.900
1400sn/mín/5 kg		
Þurrkari T7644C	135.571	94.900
rakaþéttir/6 kg		

- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stórt hurðarop
- 20 ára ending

30%

AFSLÁTTUR

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele þvottavélar.

EIRVÍK

 -hággæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík

Sími 588 0200 | www.eirvik.is

10

BJARNI HÓLM AÐALSTEINSSON
Félag: ÍBV
Staða: Miðjumaður
Aldur: 22 ára

Á góðum degi á Bjarni Hólmi auðvelt með að stöðva hvaða leikmann sem er. Stór og stæðilegur leikmaður sem getur jafnt spilað í vörn og á miðju og hefur góða yfirsýn yfir það sem er að gerast í kringum sig.

9

HAUKUR PÁLL SIGURÐSSON
Félag: Þróttur
Staða: Miðjumaður
Aldur: 19 ára

Mikill leiðtogi á velli þrátt fyrir ungan aldur og býr yfir baráttuanda sem smitar út frá sér. Þykir afar harður í horn að taka og gefur aldrei eftir í návigum. Býr yfir frábærri skallatækni sem gerir hann að mikilli ógn í fóst-um leikatriðum.

8

HAUKUR INGVAR SIGURBERGSSON
Félag: Fjarðabyggð
Staða: Varnarmaður
Aldur: 26 ára

Hjartað og sálin í vörn Fjarðabyggðar, sem hefur komið liða mest á óvart í 1. deildinni í sumar. Þykir afar útsjónarsamur og les leikinn vel, sterkur í loftinu og skilar bolta vel frá sér. Fyrirliði og leiðtogi í eðli sínu.

7

RAY ANTHONY JÓNSSON
Félag: Grindavík
Staða: Varnarmaður
Aldur: 28 ára

Gríðarlega öflugur sóknarsinnaður bakvörður sem hefur átt fast sæti í Grindavíkurlíðinu undanfarin ár. Mjög teknískur á bolta og getur skilar góðum sendingum fyrir markið eftir upphlaup sín. Lykilmaður hjá Grindavík.

6

MAGNÚS MÁR LÚÐVÍKSSON
Félag: Þróttur
Staða: Sóknarmaður
Aldur: 26 ára

Óstöðugleiki er hans helsti löstur. Í sínu besta formi er Magnús Már óumdeilanlega einn albesti leikmaður deildarinnar en hann á það til að detta í meðalmennskuna þess á milli. Flinkur og útsjónarsamur allhiða sóknarmaður.

5

ÓLI STEFÁN FLÓVENTSSON
Félag: Grindavík
Staða: Varnarmaður
Aldur: 31 árs

Andlegur leiðtogi og einn allra mikilvægasti leikmaður Grindavíkur. Hefur spilað í vörninni í sumar og staðið sig gríðarlega vel en getur annars leyst flestar stöður vallarins. Draumaleikmaður hvers þjálfara sem gefur sig allan í verkefnið.



4

TÓMAS LEIFSSON
Félag: Fjölnir
Staða: Miðjumaður
Aldur: 22 ára

Flinkur miðjumaður með einkar næmt auga fyrir marki, enda skorað sjö mörk í ellefu leikjum í sumar. Góður skotmaður sem skilar bolta vel frá sér. Myndar frábæra heild með félagi sínum Gunnari Má á miðju Fjölnis, þar sem þeir bæta hvor annan upp.



TÓMAS Hefur leikið vel með Fjölni í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HAFLIÐI BREIÐFJÖRD

3 Hjörtur Hjartarson

Félag: Þróttur
Staða: Sóknarmaður
Aldur: 32 ára

Þrjú bestu að mati Hjartar:

1. Guðjón Baldvinsson
2. Gunnar Már Guðmundsson
3. Óli Stefán Flóventsson

Markahæsti leikmaður 1. deildar það sem af er sumri með mark að meðaltali í leik. Hjörtur er hokinn reynslu úr efstu deild sem bætur upp minnkandi hraða og snerpu. Markheppinn og snjall framherji sem gengi inn í hvaða lið sem er utan efstu deildar.

síð á gætlega í efstu deild. Heilt yfir er töluverður gæðamunur á þessum deildum."

Af hverju fórstu í Þrótt fyrir tímabilið en ekki í liði í efstu deild?

„Það lá fyrir að ég kæmi til landsins frá Bandaríkjunum í maí og ég sá fram á að þurfa að sitja mest megnis á bekknum ef ég færi til úrvalsdeildarliðs, enda nokkrum mánuðum á eftir. Ég þarf ákveðinn tíma til að komast í form og vildi því frekar fara í 1. deildina, þar sem ég gæti spilað mig smám saman í form. Þróttarar sýndu mér mikinn áhuga og mér leyst mjög vel á liðið, liðsfélagana og þjálfarann.“

Hvernig þjálfari er Gunnar Oddsson?

„Ég er í skýjunum með hann. Algjör hæglætnáungi og gjörólíkur þeim sem ég hef haft síðustu ár, Ólafi Þórðarsyni. Gunnar er flottur karl, hreinn og beinn, og kemur til skila því sem hann vill koma til skila.“

Menn tala um að þú sért potari af bestu gerð. Er það ekki rétt?

„Það er miklu auðveldara að skora mörk af markteig en að setja hann af 25 metrunum upp í skeytin. Ef ég ætti að velja á milli þess að skora tíu mörk af stuttu færi eða þrjú mörk með langskotum upp í skeytin, þá myndi ég velja þessi tíu. Ég ber því potaratilinn með stolti.“



Menn tala um að þú hafir aldrei verið betri. Er það rétt?

„Nei, ég get alls ekki sagt það. Ég held til að myndu að ég sé ekki í nægilega góðu formi til að spila í úrvalsdeild. Ég þarf að æfa vel í vetur til að komast aftur í úrvalsdeildarform. En sjálfstraustið er gott og þess vegna hef ég náð að skora reglulega.“

Hvernig er að spila í 1. deild, samanborið við þá efstu?

„Fótboltinn í 1. deild er svolítið öðruvísi og virðist henta mér ágætlega. Góðu liðin eru eins góð og ég átti von á en slakari liðin eru slakari en ég átti von á. Ég held að það séu fjögur lið í 1. deildinni sem gætu plummað

2 Gunnar Már Guðmundsson

Félag: Fjölnir
Staða: Miðjumaður
Aldur: 23 ára

Þrjú bestu að mati Gunnars:

1. Guðjón Baldvinsson
2. Andri Steinn Birgisson
3. Hjörtur Hjartarson

Spútnikleikmaður tímabilsins. Óheyrlægur baráttuhundur sem gerir allt í senn; vinnur skítverkin á miðjunni, leggur upp mörk fyrir félagi sína og skorar þau sjálfur þegar við á. Ómissandi leikmaður fyrir Fjölni sem getur leyst allar stöður.

að fara upp um allar deildirnar með Fjölni og mér fannst góður möguleiki á að sá draumur yrði að veruleika í sumar. Ég vildi einfaldlega láta reyna á það. Svo er ég líka uppallinn hjá félaginu og því mjög erfitt að yfirgefa það. Mig vantaði þrjú leiki til að vera leikjahæsti leikmaður liðsins og nú er ég búinn að ná því. Ég hlýtt að mega vera stoltur að því.“

Af hverju skorar Fjölnir - og þá sérstaklega miðjumennirnir - svona mikið af mörkum?

„Það er einfalt, við spilum svo hrikalega mikinn sóknarbolta. Mottóíð er að skora fleiri mörk en andstæðingarnir. Fjórir fremstu leikmennirnir eru mjög hættulegir og þá opnast svæði fyrir okkur miðjumennina til að stinga okkur inn.“

Hver er þín besta staða?

„Held að ég verði að segja miðjan, en mér líkar alveg jafn vel að spila í vörninni eða sókninni.“

Á Fjölnir erindi í efstu deild?

„Það finnst mér. Við erum kannski ekki að fara að blanda okkur í toppbaráttuna þar en held að við myndum sóma okkur vel í miðjuþófinu. Við þyrftum aðeins að laga varnarleikinn en við höfum sýnt það áður að við getum alveg spilað vörn. Við fengum til dæmis aðeins á okkur 15 mörk allt tímabilið í fyrra.“



GUNNAR Er burðarás í spræku liði Fjölnis.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAFLIÐI BREIÐFJÖRD

Hvernig tilfinning er það að skora fjögur mörk og leggja upp tvö í einum og sama leiknum?

„Hún er frábær. Ég held að ég hafi einu sinni áður skorað fernu í 5. flokki. Það var ekki alveg það sama.“

Þér var sýndur mikill áhugi frá liðum í Landsbankadeild eftir síðasta tímabil. Af hverju kaustu að vera áfram hjá Fjölni?

„Það er búið að vera draumur hjá mér lengi

10 BESTU LEIKMENNIRNIR UTAN EFSTU DEILDAR

FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið hefur í samráði við hina ýmsu álitsgjafa valið tíu bestu innlendu leikmenn landsins sem ekki spila í Landsbankadeildinni.

1 Guðjón Baldvinsson

Félag: Stjarnan
Staða: Sóknarmaður
Aldur: 21 árs

Þrjú bestu að mati

- Guðjóns:**
1. Bjarni Hólm Aðalsteinsson
 2. Gunnar Már Guðmundsson
 3. Hjörtur Hjartarson

Gríðarlega öflugur framherji sem hefur lengi verið orðaður við atvinnumennsku og lið í Landsbankadeildinni. Guðjón er líkamlega sterkur og skotviss framherji sem er alltaf líklegur til að skora. Leikmaður sem er gríðarlega erfitt að eiga við - helsta martróð allra varnarmanna 1. deildarinnar.

Þú ert besti leikmaðurinn utan Landsbankadeildarinnar. Hvernig tilfinning er það?

Alveg meiriháttar. Svona viðurkenningar eru eitthvað sem hvetur mann áfram og er staðfesting á að maður er að gera eitthvað rétt.

Af hverju ert þú betri en hinir?

Svona spurningum er nánast ómögulegt að svara og ég er að hugsa um að láta aðra um að dæma um slíkt. En annars hef ég lagt mikið á mig og finnst ég vera að uppskera eins og hef það. Auk þess hef ég brjáláðan metnað fyrir því að vera bestur í því sem ég geri.

Ertu nógu góður fyrir efstu deild?

Að mínu mati er ég það. Vonandi fæ ég tækifæri til að sanna það.

Hverjir eru þínir helstu styrkleikar?

Líkamlegur styrkur og þokkalegur hraði. Svo finnst mér líka einstaklega skemmtilegt að skora mörk.

En veikleikar?

Ég get bætt mig á öllum sviðum. Það er helst að tækni sé af skorum skammti.

Varstu súr að fá ekki tækifæri í efstu deild í sumar?

Auðvitað var ég það, en síðan var ekkert annað að gera en að sætta sig á orðinn hlut og gera það besta í stöðunni. Það kemur að því að ég spili í úrvalsdeild.

Er Stjarnan með nógu gott lið til að komast upp?

Já, mér finnst við með mjög góðan mannskap en erum ekki sýna okkur rétta andlit. En það eru tíu leikir eftir og allt getur gerst.

Ferðu frá Stjórnunni ef liðið kemst ekki upp?

Já.





GOTT FOLK

SIMMI OG JÓI Á BYLGJUNNI
FYRSTI ÞÁTTUR NÆSTA LAUGARDAG KL. 9-12

BYLGJAN
989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



> Jennifer Lopez

Jennifer ólst upp í hverfinu Bronx í New York en foreldrar hennar eru frá Puerto Rico. Jennifer fjármagnaði dans- og söngnám sitt sjálf frá 19 ára aldri. Hún starfaði á lögstofu á milli þess sem hún lærði dans og sýndi listir sínar á dansklúbbum borgarinnar. Eftir margra mánaða dansprufur fékk Jennifer loks vinnu við að dansa á tónleikum ýmissa rappara og í tónlistarmyndböndum. Jennifer leikur í myndinni Shall We Dance? á Stöð 2 Bíó kl. 14.00.



VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR FÆR VATN Í MUNNINN

Djúpsteikt álabörn og konunglegt kebab

Matreiðsluþættir heilla mig. Nigella fangar hug minn með því að dýfa puttunum í vel feitan matinn þar sem ekkert er til sparað, hvorki rjómi né súkkulaði. Ég vildi bara að ég liti jafn vel út og hún eftir allt átið. Jamie Oliver ruglar mig í ríminu með stöðugu iði og blaðri, sá maður ætti að vera á ritalíni. Jói Fel er traustur, handahreyfingar og talandi ávallt eins á milli rétta. Þá hefur hann þann ótvíæða kost framyfir marga aðra að almúginn getur hermt eftir og lært eitthvað. Það sama er ekki hægt að segja um nýjasta matreiðsluþáttinn sem sýndur er á Skjá einum. Í „Greatest dishes in the World“ elda heimsfrægir kokkar það sem þeir telja vera bestu rétti heims í hverjum flokki. Eldunaraðferðirnar



NAMMI Þáttastjórnandinn Naomi Cleaver smakkar á einum af bestu réttum heims.

eru fánlega flóknar og flestar uppskriftirnar hernaðarleyndarmál sem hvergi eru skrifaðar niður heldur ganga frá meistara til lærlings. Í fyrsta þætti var keppt í forréttum. Þar sigraði furðanlega flókin kebab-réttur sem þurfti margra daga undirbúning. Hann var þó þökkalega girnilegur sem átti ekki við um réttinn sem sigraði í flokknum um bestu fiskrétti heims. Gufusoðinn kóli og djúpsteikt álabörn sem litu út eins og gagnsætt spagetti fyrir eldun voru síður en svo tilvalin til að æsa upp bragðlaukana. En svona er misjafn smekkur manna og örtilill „ógeðs-faktor“ eykur aðeins á skemmtanagildi þátta.

dagskrá

EKKI MISSA AF



▶ **19.35 Út og suður** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.00 Örlagadagurinn STÖÐ 2**



▶ **20.00 The Life Aquatic with Steve Zissou STÖÐ 2 BÍÓ**



▶ **20.40 Robin Hood SKJÁREINN**



▶ **22.00 So You Think You Can Dance SIRKUS**

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar 08.01 Matti morgunn 08.13 Kólabræður 08.23 Pósturinn Páll 08.37 Friðþjófur forvitni 09.00 Disneystundin 09.01 Stjáni 09.23 Sfgildar teiknimyndir 09.30 Alvöru dregi 09.53 Arthur 10.18 Ævintýri H.C. Andersen

10.45 Út og suður (7:16) e.

11.15 Hlé

15.00 Á flakki um Norðurlönd (5:8) e.

15.25 Á flakki um Norðurlönd (6:8) e.

15.50 Lifandi í Limbó e.

16.50 Svart kaffi - Hinn fullkomni bolli (3:3) e.

17.50 Táknálsfréttir

18.00 Stundin okkar (10:32)

18.27 Upp í sveit (2:4)

18.35 Krakkar á ferð og flugi (9:10) e.

19.00 Fréttir

19.30 Veður

▶ **19.35 Út og suður** (9:16)

20.05 Loftbrúin (1:2) Þýsk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum um erfitt ástarsamband þýskrar konu og bandarísku hermanna á dögum loftbrúarinnar til Berlínar.

21.40 Rússnesk örk Rússnesk verðlaunamynd frá 2002. Franskur aðalsmaður fer um sali Ríkislistasafnsins í Pétursborg og hittir fyrir raunveruleg og ímynduð stórmenni úr rússneski og evrópski sögu.

23.15 Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum

23.40 Sönn íslensk sakamál - Stóra fíkniefnamálið e.

00.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06:00 The Life Aquatic with Steve Zissou

08:00 Shall We Dance?

10:00 The Legend of Johnny Lingo

12:00 the Sisterhood of the Traveling Pants

14:00 Shall We Dance?

16:00 The Legend of Johnny Lingo

18:00 the Sisterhood of the Traveling Pants

▶ **20:00 The Life Aquatic with Steve Zissou**

22:00 Grosse Pointe Blank

00:00 The Interpreter

02:05 Straight Into Darkness

04:00 Grosse Pointe Blank (e)



SIRKUS TV

16.45 True Hollywood Stories (4:8) (e)

17.40 Jake In Progress 2 (4:8) (e)

18.05 George Lopez Show, The (4:18) (e)

18.30 Fréttir

19.00 Bestu Strákarnir (13:50) (e)

19.30 My Name Is Earl (23:23) (e)

19.55 Kitchen Confidential (10:13) (e) Gamanþættir um Jack Bourdain sem var eitt sinn þekktur kokkur en eftir eina villta nótt tókst honum að klúðra öllu því sem hann hafði afrekað. Einn daginn fær hann upp úr þurru tilboð og er boðin staða yfirkokks á flottum veitingastað í New York. Það er þó einn hængur á, eigandinn gefur Jack einungis 48 klukkustundir til að fullmanna eldhúsið og vera tilbúinn til að elda ofan í 300 manns, þar á meðal matargagnrýnanda The New York Times.

20.25 Young Blades (12:13) (e) Spennandi þáttaröð þar sem sögusviðið er Frakkland á miðöldum og svokallaðar skyttur sjá um að verja landið gegn öflum. Ný kynslóð af skyttum er í þjálfun og þar á meðal er sonur hinnar þekktu skyttu D'Artagnan.

21.15 Filthy Rich Cattle Drive (2:8) (e) Börn frægra einstaklinga eru hér saman-komin í raunveruleikaþætti þar sem þau reyna fyrir sér í nýjum hlutverkum sem eru ekki beint í anda lífsstíls þeirra.

▶ **22.00 So You Think You Can Dance** (12:23) Keppendur fækka stöðugt en keppnisskaði heldur þeim gangandi. Nú stíga 14 keppendur dans á sviðinu og nú er eins gott að vera einbeittur. 2007.

23.30 So You Think You Can Dance (13:23) Kosningum er lokið og nú kemur í ljós hvaða tveir keppendur verða sendir heim. 2007.

00.15 Kitchen Confidential (10:13) (e)

00.40 Smallville (2:22) (e)

01.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORDURLANDS

12.15 Magasínþáttur - mannlíf og menning á norðurlandi. Samantekt um fjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á mánudag.



Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

11.15 Vörutorg

12.15 MotoGP - Hápunktar

13.15 High School Reunion (e)

14.00 The Biggest Loser (e)

15.00 Greatest Dishes in the World (e)

16.00 America's Next Top Model (e)

17.00 Design Star (e)

18.00 Charmed (e)

18.55 Hack (e)

19.45 Backpackers (e)

20.10 Póstkort frá Arne Aarhus (4:5) Ofurhuginn Arne Aarhus vann hug og hjarta þjóðarinnar í þáttunum Adrenalin á SKJÁ EINUM fyrir nokkrum árum. Nú endurnýjum við kynnið við þennan norska ofurhuga og fylgjumst með honum prófa alla kyns adrenalínsport eins og teygjustökk, svífðrektaflug, fallhlíf með mótör, spíttaáakstur um jökulsár og fleira og fleira.

▶ **20.40 Robin Hood** (9:13) Bresk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um hetjuna Hróa hött, útlagann sem ræni þá ríku til að gefa hinum fátæku. Hrói höttur og félagar reyna að bjarga uppfinningamanni sem býr yfir þekkingu sem fögetinn þráir. Og einn útlaganna fær óvænnta stöðuhækkun.

21.30 3 Lbs - NÝTT Bandarísk þáttaröð um hrokafullan heilaskurðlækni í New York. Stanley Tucci og Mark Feuerstein leika aðalhlutverk. Í fyrsta þættinum fær unglingsstúlka kast þegar hún spilar á fiðlu. Hún greinist með heilaeæli og dr. Hanson telur nauðsynlegt að hún komist í aðgerð sem fyrst en mamma hennar er ekki sannfærð. Hún missti aðra dóttur á skurðarborðinu og hefur efasemdir um að dr. Hanson hafi rétt fyrir sér.

22.20 Sleeper Cell - NÝTT Hörkuspennandi þáttaröð um bandarískan alríkislögreglumann sem kemst í innsta hring hryðjuverkasamtaka. Nokkrir mánuðir eru liðnir síðan að alríkislögreglumanninum Darwyn Al-Sayeed tókst að koma í veg fyrir hryðjuverkaárás á íþróttaleikvangi og nú hyggst hann taka við kennarastöðu í Quantico. En yfirmaður hans biður hann að taka að sér eitt verkefni til viðbótar. Það sem hefst sem hefðbundnið eftirlit breytist í hættuför þegar Darwyn kemst á snoðir um nýjan hryðjuverkahóp.

23.10 Law & Order (e)

00.00 Runaway (e)

00.50 Sex, love and secrets (e)

01.40 Vörutorg

02.40 Óstöðvandi tónlist

Einfalt mál

EINA VIÐSKIPTABLAÐIÐ SEM ÞÚ ÞARFT



Með Fréttablaðinu alla miðvikudaga



Í hádeginu kl 12:12 á Stöð 2



Markaðurinn á Vísi alla daga



VIÐSKIPTAFRÉTTIR
ALLA DAGA VIKUNNAR

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.05
Mobile

Í kvöld hefst sýningar á hörkuspennandi, breskum trylli í anda 24. Um er að ræða þriggja þátta seríu sem segir frá miskunnarlausri baráttu stjórnvalda gegn hryðjuverkum. Saklausir vegfarendur eru skotnir til bana af leyniskyttum og farsímafyrirtæki sprengd í loft upp. Er einhver leið til þess að standa uppi sem sigurvegari í þessu stríði?

▶ VÍÐ MÆLUM MEÐ
3 LBS

Skjäreinn kl. 21.30

Í kvöld hefst ný lækna-sería í átta þáttum. Stórleikarinn Stanley Tucci leikur dr. Doug Hanson, bráðsnyllan en hrokafullan heilaskurðlækni í New York. Heilinn er flóknasta líffæri mannlíkamans en dr. Hanson þekkir þessa stjórnstöð líkamans betur en nokkur annar. Hann hefur enga þörf fyrir að kynna sjúklingum sínum persónulega á meðan helsti samstarfsmaður hans, dr. Seger, telur það nauðsynlegt.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir	16.10 Sumartónleikar Sambands evrópskra útvarpsstöðva
08.05 Morgunandakt	18.00 Kvöldfréttir
08.15 Tónlist á sunnudagsmorgni	18.25 Auglýsingar
09.03 Framtíð lýðræðis	18.26 Í tilefni dagsins
10.15 Úlfaldar og múflugur	18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
11.00 Guðsþjónusta í Skálholtskirkju	19.00 Söngvar af sviði: Járnhausinn
12.00 Hádegisútvarp	19.50 Óskastundin
12.20 Hádegisfréttir	20.35 Minningar um merkisfólk
12.45 Veðurfregnir	21.15 Í grænni lautu
13.00 Sakamála-leikritið: Sá yðar sem syndlaus er	21.55 Orð kvöldsins
14.00 Sumarsalat	22.15 Leitin að eldsneytinu
15.00 Kampavín og kaloriur	23.00 Andrárimur
16.00 Síðdegisfréttir	00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns
16.08 Veðurfregnir	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

10:25 Íslandsmótið í golfi 2007

13:25 Gillette World Sport 2007

13:55 Íslandsmótið í golfi 2006

15:00 Íslandsmótið í golfi 2007 Bein útsending frá lokadegi á Íslandsmótið í höggleik árið 2007 sem fram fer á Hval-eyrarvelli í Hafnarfirði.

19:10 PGA Tour 2007 (Canadian Open) Bein útsending frá lokadegi á opna kanadíska mótið á PGA-mótariðinni í golfi. Mótið fer fram í Ontario í Kanada og gefur stíg í Fedex stigakeppninni. Jim Furyk sigraði á mótið í fyrra með glæsilegum lokahring sem hann lék á 65 höggum.

22:10 Tiger Woods – heimildamynd (3:3) Tiger Woods er einn besti kylfingur allra tíma. Hæfileikar hans komu snemma í ljós en í þáttaröðinni fá sjónvarpshorfendur að kynna kappanum frá ýmsum hliðum. Rætt er við fjölskyldu og vini Tigers sem og þekktar stjórnur úr íþróttunum og skemmtanaheiminum sem allar eiga það sameiginlegt að dást eindregið að þessum snjalla kylfingi.

23:05 Íslandsmótið í golfi 2007 Útsending frá lokadegi á Íslandsmótið í höggleik á Hvalleyrarvelli.

BBC PRIME

6.15 Come Outside 6.30 Andy Pandy 6.35 Teletubbies 7.00 Dad's Army 7.30 Grumpy Old Men 8.00 I'll Show Them Who's Boss 8.40 Radical Highs 9.00 EastEnders 9.30 EastEnders 10.00 The Life of Mammals 11.00 Wild New World 12.00 Red Cap 13.00 Great Romances of the 20th Century 13.30 Great Romances of the 20th Century 14.00 A Life Coach Less Ordinary 14.30 A Life Coach Less Ordinary 15.00 Cash in the Attic 15.30 The Life Laundry 16.00 EastEnders 16.30 EastEnders 17.00 Days that Shook the World 18.00 Himalaya with Michael Palin 19.00 Ray Mears' Bushcraft 20.00 Son of God 21.00 Secrets of Lost Empires 22.00 EastEnders 22.30 EastEnders 23.00 Days that Shook the World 0.00 Himalaya with Michael Palin 1.00 Secrets of Lost Empires 2.00 Ray Mears' Bushcraft 3.00 Perfect Properties 3.30 Balamory 3.50 Tweenies 4.10 Big Cook Little Cook 4.30 Tikkabilla 5.00 Boogie Beebies 5.15 Tweenies 5.35 Balamory 5.55 Big Cook Little Cook

DR 1

6.15 Dyrenes ø 6.40 SommerSummerum 7.10 Duedrenge 7.35 Yu-Gi-Oh! 8.00 Hannah Montana 8.25 Rideklubben 8.50 Shin Chan 9.00 Mord i Filandshaven 9.30 Chris på chokoladefabrikken 10.10 Boxen 10.30 Speedway: Tjekkiets Grand Prix 12.00 Gudstjeneste i DR Kirken 12.45 Beethoven i Berlin 13.30 Det sker kun én gang 15.00 Hammerslag 15.30 Sigurd og Symfoniorkesteret 16.00 Radiserne 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Egypten 18.00 Galapagos-øerne 19.00 TV Avisen 19.15 Aftentour 2007 19.45 Dødens Detektiver 20.05 Lad de små børn 21.45 Hóok 22.45 Eksistens 5.30 Home things 5.35 Anton 5.40 Byggemand Bob 5.50 Tagkammerater 6.00 SommerSummerumEXTERN

NKA

6.10 Snarveien 6.20 Teddy og Annie 6.30 I Mummialden 7.00 Klassiker fra Disney 7.10 Den amerikanske dragen 7.35 Jimmy Neutron 8.00 Laura Trenter 8.30 Filandshagen 9.00 Jukeboks: Sport 10.00 Jukeboks: Autofil 11.00 Jukeboks: Jazz 12.30 Jukeboks: Ekstremvær 13.35 Gjensynet 14.35 De ti tenorene fra Down Under 15.30 Apen himmel 16.00 Jenny og Ramiz 16.30 Dyreklinikken 17.00 Dagsrevyen 17.35 Sportsrevyen 17.55 Skibladner 18.45 Broadway - musikalen storstue 19.45 Miss Marples siste sak 21.15 Kveldsnytt 21.35 Kunstens sprengkraft 22.25 Ingen grunn til begeistring 22.55 Larry Sanders-show

SVT 1

7.15 Smá Einsteins 7.35 Lilla bláa draken 7.45 Trazan Apansson og Baname 8.15 Sommerandakt frá Torpkonferensen 8.45 Fotograf Inga Ohlsén 12.10 Adopterad och sviken 13.10 Bryan Ferry: Dylanesque 14.00 Att återerövra livet 14.30 En Noman i Pakistan 15.00 Barnet och orden - om språk i förskolan 15.30 Garage - Ålska film! 16.00 Pippi Långstrump 16.25 Kajakaj och BenteBent 16.30 Dr Dogg 16.45 Desmond 17.00 Pip-Larsson 17.30 Rapport 18.00 Djurgalen 18.30 Sportspegeln 19.00 Musikministeriet 19.30 Europa - en naturhistoria 20.20 Ramp 20.50 Big Words 21.20 Rapport 21.30 Vid kungens bord 4.00 Gomorron Sverige

Frá kr. 2.790.000

TUCSON SPORT

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS skriðvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 16" álfelgur
- Hiti í framsætum
- Hiti undir þurkublöðum
- Leðurstýri og leður á girnhúð
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Loftkæling A/C
- Samlitur

Með bilinn handa þér

TUCSON SPORT

Frá kr. 27.700 á mánuði*

Bill á mynd: Hyundai Tucson Sport

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

Hyundai hefur gæðin

Bilásamningur m.v. 30% útborgun og mánaðalegar grjóthálsi 184 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendrar mynta. Gengiskarta 50% JPY / 50% CHF.

Auglýsingasími

5125050

- Mest lesið



„Þetta hundsmál er nú frekar skondið. Maður veit náttúrulega ekkert hvað er satt í þessu en hundurinn fannst að minnsta kosti lífandi. Ég held að fólk eigi að fara varlega í sakirnar þegar þeir ásaaka menn um eitthvað ef þeir hafa ekki 100 prósent heimildir fyrir því.“

Björgvin Sigurbergsson golfari

HIN HLIÐIN EINAR BRAGI BRAGASON SKÓLASTJÓRI OG TÓNLISTARMAÐUR

Þykir leiðinlegast að skipta um bíl

Hvað er að fréttu? Allt fínt. Diskurinn okkar Hákonar Aðalsteins, Skuggar, virðist falla vel í kramið hjá landsmönnum. Svo er ég alltaf að spila eitthvað með strákunum í Hljómsveitinni Von og Siggú og Grétari líka.

Augnítur: Blár.

Starf: Skólastjóri Tónlistarskóla Seyðisfjarðar, saxófón- og flautuleikari, samarlögga og tollari.

Fjölskylduhagir: Giftur Ásu Kristínu Árnadóttur og saman eigum við Elísu Björt 10 ára og Elmar Braga 18 vetra.

Hvaðan ertu? Ég er nú bara ósköp venjulegur Sunnlendingur, en ættin teygir sig einnig til Vopna-fjarðar, Svíþjóðar og Grindavíkur.

Ertu hjátrúarfullur? Stundum.

Upphaldssjónvarpsþátturinn: Rome.

Upphaldsmatur: Lambkjöt á diskinn minn, takk!

Fallegasti staðurinn: Vestdalur á Seyðisfirði og Bled í Slóveníu.

iPod eða geislaspilari: iPod líklega, en þó stundum geisladiskar.

Hvað er skemmtilegast? Að vera á skiðum með fjölskyldunni, í skotveiði með góðum vinum og að finna að manni hafi tekist vel upp þegar að maður er að spila.

Hvað er leiðinlegast? Að vaska upp og að skipta um bíl, ég hef ekkert vit á bílum og er eins og kjáni í þeim viðskiptum.

Helsti veikleiki: Leti. Ég get verið húðlatur þegar þannig liggur á mér.

Helsti kostur: Duglegur. Þegar ég er að gera eitthvað sem mér finnst skemmtilegt.



Helsta afrek: Að eignast mín frábæru börn.

Bestu vonbrigðin: Leeds. Hvað kom fyrir liðið?

Hver er draumurinn? Að fara á skiði erlendis og að gefa út aðra plötu. Og svo að Leeds fari einhvern tíma aftur í úrvalsdeild.

Hver er fyndnastur? Monty Python-hópurinn en hér heima er það Eggert Þorleifs.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Óheildarleiki og fals.

Hvað er mikilvægast? Fjölskyldan.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sjónvarpsstöðvarnar búa sig nú undir átakavetur þar sem allir stefna á að hafa betur en keppinautarnir. **Pálmi Guðmundsson** og hans fólk á Stöð 2 tefla fram gamanþáttunum Næturvaktinni sem einu af trompum sínum. Þar er um að ræða þætti sem gerast á bensinstöð og eru þeir **Pétur Jóhann Sigfússon** og **Jón Gnarr** í aðalhlutverkum. Svo vel þykir hafa tekist til að þegar eru komnar upp hugmyndir um framhald seríunnar. Sú þáttaröð myndi þá kallast Dagvaktin og gerast á sömu bensinstöð. Jón Gnarr og Pétur Jóhann eru áfram orðaðir við aðalhlutverkin.



- hdm

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

1. Elliði Vignisson.
2. Páll Ásgeir Ásgeirsson.
3. Á Fáskrúðsfirði.

SIGURÐUR JÓNSSON: KEYPTI 60 FETA SKÚTU AF HEIMSFÆRUGUM SIGLINGAMANNI

Eins og sumarþustaður í ævintýraferðum

Ísfirðingarnir Sigurður Jónsson og Rúnar Karlsson hafa í sumar boðið ferðamönnum upp á ævintýraferðir sem eiga engan sinn líka hér á landi og þótt víðar væri leitað. Þeir keyptu 60 feta skútu af breskum aðalsmanni, sigldu henni heim til Íslands á tíu dögum og hafa í sumar boðið upp á frumlegar ferðir undir nafninu Borea Adventures. Skútan ætti að þola flest því henni hefur verið siglt fjórum sinnum í kringum hnöttinn. „Ég veit ekki til þess að neinn annar blandi saman siglingum og annarri skemmtun á þennan hátt,“ segir Sigurður. „Það má segja að þetta sé eins og færanlegur sumarþustaður. Fólk býr um borð í bátunum og svo er hann bara færður á milli staða.“

Ferðirnar eru ýmiss konar og sjaldnast styttri en fimm dagar. „Ég hef verið að sigla alveg frá því ég var smápúki,“ segir Sigurður. „Þetta umhverfi hefur verið leiksvæði okkar Rúnars alla tíð. Við höfum siglt hér, skiðað og klifrað í fjöllum. Okkur datt í hug að athuga hvort ekki væru fleiri sem vildu prófa að blanda þessu saman.“ Svo reyndist vera því uppselt var í allar skiðaferðir vorsins þar sem Sigurður og Rúnar sigldu með ferðamenn milli fjarða í Jökulfjörðum og skiðuðu á hverjum stað.

Ævintýrið hófst fyrir tveimur



SIGLDI FYRSTUR KRINGUM HNÖTTINN Sigurður og félagi hans Rúnar Karlsson keyptu skútuna af Sir Robin Knox-Johnston en sá varð fyrstur manna til þess að sigla einn umhverfis hnöttinn án þess að stoppa.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

árum, nánast fyrir tilviljun. „Eigandi skútunnar, Sir Robin Knox-Johnston, var staddur á henni hér á Ísafirði,“ segir Sigurður en Robin er heimsfrægur siglingamaður sem varð fyrstur manna til þess að sigla einn umhverfis heiminn í einni beit árið 1969. „Robin var á leið til Grænlands og við vorum að reyna að telja hann á að leyfa okkur að passa bátinn. Hann vildi miklu heldur selja okkur

hann og við slógum til.“ Sem fyrr segir hefur skútunni verið siglt fjórum sinnum umhverfis hnöttinn. Sigurður segist ekki stefna á að sigla henni sjálfur í fimmta skiptið. „Nei, við viljum miklu heldur vera herna á norðurslóðum.“

Áhugasamir geta leitað sér nánari upplýsinga á www.boreaaventures.com.

sigrunok@frettabladid.is



VILJA VERA Á NORÐURSLÓÐUM Skútan Aurora er sannarlega glæsileg. Henni hefur verið siglt fjórum sinnum umhverfis hnöttinn en Sigurður segist ekki ætla að sigla henni hringinn í fimmta skiptið. „Við viljum miklu heldur vera herna á norðurslóðum.“

Stjórnmalamaður með sólóplötu

Fyrsta sólóplata Guðmundar R. Gíslasonar, Íslensk tónlist, kemur út í næsta mánuði. Guðmundur, sem er forseti bæjarstjórnar í Fjarðabyggð og liðsmaður Súellen, segir að poppið og pólitíkin fari mjög vel saman. „Maður þarf mikið að koma fram í báðum hlutverkum, þannig að þetta hjálpar hvort öðru,“ segir Guðmundur. „Fólk er kannski ekki mikið vant því að menn séu bæði í poppinu og pólitíkinni en það eru samt dæmi um þetta eins og Eypór Arnalds og Árni Johnsen.“

Guðmundur er þó ekki eini forseti bæjarstjórnar sem er þekktur poppari því Karl Tómasson, fyrrum trommari Gildrunnar, gegnir sama starfi í Mosfellsbæ. „Fólk er vant því að ég sé í músíkinni en það er kannski frekar undrandi á því að ég sé í pólitíkinni,“ segir hann og hlær. „Ég er samt búinn að vera í bæjarstjórn meira og minna síðan ég var tvítugur.“

Guðmundur byrjaði að vinna að plötunni fyrir um ári síðan með trúbadornum Halla Reynis, sem á tvö lög á plötunni. Einnig syngur Guðmundur lag Bubba Morthen, Augun mín, sem kom út á nífunda



GUÐMUNDUR R. GÍSLASON Guðmundur segir að poppið og pólitíkin fari vel saman.

áratugnum á plötunni Frelsi til sölu. Gestasöngvari í laginu er enginn annar en rokkstjarnan Magni Ásgeirsson.

Útgáfutónleikar Guðmundar í tilefni plötunnar verða haldnir

föstudagskvöldið 3. ágúst í Egilsbúð í Neskaupstað. Einnig ætlar hann að spila á Blómstrandi dögum í Hveragerði auk þess sem tónleikaferð um Austurland er fyrirhuguð í september.

- fb

THE SIMPSONS STÓRKOSTLEGASTA FJÖLSKYLDA ALLRA TÍMA LOKSINS Í BÍÓ!

MOVIE

11. HVER VINNUR!

SMS LEIKUR


HEIMSFUMSYND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI 27. JÚLÍ SENDU SMS JA SMF Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR, TÖLVULEIKIR, DVD MYNDIR OG MARGT FLÉIRA!

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb 99 kr/skeytið.

NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI

RISA

MARKAÐUR



Í LAUGARDALSHÖLLINNI



SUMAR
Svali
SYKURSKERTUR
FYRIR BÖRNIN
*meðan birgðir endast



Nú fer veislunni að ljúka

Síðasta
helgin

TÓNLIST

DVD TÓNLIST

Íslensk tónlist - erlend tónlist
klassík - jazz



KR.
399



2CD
KR.
799



KR.
699



KR.
999



KR.
999

Pússundir
titla í boði

TÖLVULEIKIR

DVD MYNDIR

Leikir á allar leikjavélar
PC - Playstation 2 - PSP - Xbox - Nintendo



KR.
999



KR.
499



BOND
allar eldri
myndir

KR.
899



KR.
899

Gríðarlegt
úrval

OPH 11 - 19 ALLA HELGINA



BAKÞANKAR

JÓNS ARNAR MARINÓSSONAR

Biljónsdagbók 29.7.2007

OMX15 var 9.021,40, þegar ég tókkaði út af Hilton við Park Lane og mundi eftir ættarmótinu, og Dow Jones var 13.567,20 þegar þotan hans Jóa í Víti Energy hóf sig til flugs yfir London. Ég var þarna í finum selskap með fjórum múltí-milljörðum, pólskum, rússneskum og tveimur arabískum sem Jói var að bjóða í mikið sukk og svolitla laxveiði heima á Íslandi. Ég virkaði svolítið blankur við hliðina á þeim en ég kom því samt að eftir kampa-vín og kaviar að ég hefði ekki enn ákveðið hvort ég ætti að kaupa Gulfstream 450 eða 550.

VIÐ Jói hittumst í morgun yfir morgunverði á Hilton út af hugsanlegu láni frá Sjálfsmínbanka til Vítis Energy. Jóa er heitt í hamsi og dreymir um að eignast allar hitaveitur, rafveitur og vatnsaflsvirkjanir á norðausturlandi. Hann vantar einhverja tugi af milljörðum. Ég sagði að Sjálfsmínbanki væri pösitífur gegn því að fá gott eignarhald. Jói sagði að megavött væru ávísun á megagróða. Fólk þyrfti orku hvað sem hún kostaði. Einnhverjir milljarðar í startkostnað væru pínóttis í samanburði við gulltryggjar gígatekjur. Jói sagðist áður hafa haft mesta trú á meðulum, pillum og ólæknandi sjúkdómum en núna væri hann sannfærður um að orkuveitur á Íslandi væri málið ef staðið væri með heilbrigðum hætti að einkavæðingunni.

JÓI bauð mér far til Íslands þegar hann fékk grun um að ég hefði átt að vera kominn í gærkvöld á ættarmót í Flóanum. Hann hefur nó dát heyrt óminn úr farsímanum þegar Mallí hringdi í miðjum morgunverði og við Jói vorum komnir í 45 milljarða og með orkuveitur á Vestfjörðum í sigtinu líka. Mallí helli sér yfir mig. Ég hafði lofað að láta ættarmótið ganga fyrir bissetum. Hún sagðist ekki þola að vera ein stundinni lengur innan um allan þennan staurblanka pöbul sem væri sífellt að monta sig af að hafa mig í ættinni og gerði svo ekki annað en að spyrja með öfundarhæðni hvort „Nonni litli“ væri búinn að fá sér einkaþotu.

ÉG fatta ekki þessa neikvæðu afstöðu. Ég kom hingað á ættarmótið núna síðdegis og verð að segja að fólkíð var ósköp almennilegt við mig. Þessir bræður mínir og systur, frændar og frænkur eru ovv kors þetta venjulega íslenska skóða-oktaviúlið en ég skynja samt einhvern sameiginlegan uppruna. Það er notaleg tilfinning. Þegar ég gekk inn í salinn í félagsheimilinu í kvöld rifjaðist einmitt upp fyrir mér þegar við Mallí komum í fyrsta skipti inn í górílluhúsið í London Sú og ég sagði við hana: „Það er alveg ótrúlegt hvað þeir eru líkir okkur.“

www.icelandexpress.is/kaupmannahofn

Er ekki upplagt að ljúka sumrinu í Köben?



BEINT FLUG FRÁ AKUREYRI OG EGILSSTÖÐUM TIL KÖBEN
Flugið til 31. ágúst

Kaupmannahöfn

» Það er orðið svo einfalt að skella sér til Kaupmannahafnar að það er engin ástæða til að láta það ekki eftir sér. Njóttu lífsins á Nýhöfn og Strikinu, heilsaðu upp á Litlu hafmeyjuna, skoðaðu litríkar kýr á heimsreisu eða skelltu þér í Tivoli – fáðu þér svo eitthvað gott í gogginn inn á milli. Köben er stútfull af spennandi viðburðum í sumarlok og haustbyrjun, eina vandamálið er að velja.

» Með Express Ferðum:

Gwen Stefani

Stórtónleikar í Forum 14. október

58.900 á mann í tvíbýli 69.900 á mann í einbýli

Einstakt tækifæri fyrir aðdáendur Gwen Stefani til að baða sig í ljóma stjórnunna og njóta huggulegrar Kaupmannahafnarstemningar í leiðinni.

» VERÐ FRÁ:
7.995 kr.

Aðra leið með sköttum.

» BÖRN:
50%

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsskatt af verði fyrir skatta og gjöld.

Iceland Express, Grimsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600

» www.icelandexpress.is

Hvað er í gangi?

KIT New Circus Festival	1.–31. ágúst
Cultural Harbour	3.–5. ágúst
Copenhagen International Fashion Fair, Bella Centret	9.–12. ágúst
Open Air Opera Concert, Fælledparken	18. ágúst
Copenhagen Pride Week	18.–25. ágúst

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Iceland Express